



Grandaskóli – heildarmat á skólastarfi

Júní 2013
Skóla og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Nanna K. Christiansen

Steinunn Ármannsdóttir

Valgerður E. Þorvaldsdóttir

Una B. Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Mat á skólastarfi	4
Skólastarf	7
Námsárangur	7
Stjórnun og skipulag	8
<i>Skipulag skóladags</i>	9
<i>Samstarf við grenndarsamfélagið</i>	9
Nemendur og líðan	10
<i>Stjórn nemendafélags</i>	12
<i>Reglur og agi</i>	12
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	14
Verklag	16
Fjölbreyttar leiðir í námi	16
<i>Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna</i>	19
<i>Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir</i>	19
<i>Skóli án aðgreiningar - sérkennsla</i>	20
Skólaþróun og mat	23
Virk upplýsingamiðlun	25
<i>Skólanámskrá, starfsáætlun og námsáætlanir</i>	25
<i>Heimasíða</i>	26
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	26
Mannauður	28
Starfsánægja og líðan á vinnustað	28
<i>Samstarf</i>	30
<i>Aðbúnaður</i>	32
Símenntun og starfsþróun	34
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	35
Fjármál	38
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	38
Fjárhagsleg staða skólans	38
Greining	39
Samantekt og tækifæri til umbóta	39
Heimildir	44
Fylgiskjöl	44

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Grandaskóla sem fram fór í apríl 2013. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs. Grandaskóli var einn af ellefu skólum þar sem skóla- og frístundasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2012-2013. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Grandaskóla er Örn Halldórsson og aðstoðarskólustjóri er Inga Sigurðardóttir. Í Grandaskóla eru um 260 nemendur í 1.-7. bekk skólaárið 2012-2013. Um 85% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu sækja skóla í Grandaskóla sem er lægra en almennt í grunnskólum borgarinnar (95%). Flestir hafa nemendur verið árið 1996 eða 486 en fæstir 1986 eða 172. Gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi í um 310 á næstu þremur árum.

Í skólanum starfa 42 starfsmenn skólaárið 2012-2013 í 36 stöðugildum, þar af kennarar í 25,7 stöðugildi. Samkvæmt þessu eru um 6,2 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra en í borginni í heild að meðaltali (6,5)¹. Ef aðeins er miðað við kennara í Grandaskóla eru um 10,1 nemandi á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (9,1)².

Grandaskóli við Keilugranda hóf starfsemi sína haustið 1986. Skólinn stendur við sjávarsíðuna í vesturbæ Reykjavíkur. Í upphafi var gert ráð fyrir að skólinn yrði einungis yngri barna skóli fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Fyrsta skólaárið voru nemendur 180 í 1.-3. bekk. Fljótlega hóf foreldrafélag skólans í samráði við stjórnendur að þrýsta á um að nemendur gætu verið fyrstu 7 árin í Grandaskóla og farið þá beint í unglingskóla hverfisins Hagaskóla. Þar sem íbúafjöldi í hverfinu fór ört vaxandi tóku borgaryfirvöld þá stefnu (Heimasíða. Um skólann). Viðbyggingum við skólann lauk árið 1997.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

¹ Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011 (tafla 77).

² Sama (tafla 80).

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 32 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2012.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrjú hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrjú hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:

- Skipurit og starfslýsingar
- Mannréttindaáætlun
- Áætlun um foreldrasamstarf
- Áætlun um starf nemendafélags
- Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
- Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun
- Heimasíðu skólans
- Stundaskrár bekkja/árganga 2012-2013 (eins og þær eru afhentar nemendum)
- Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
- Kennsluáætlanir 2012-2013 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
- Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
- Símenntunaráætlun skólans
- Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
- Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
- Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Skólastarf

Námsárangur

Samræmd könnunarpróf

Meðaltalsárangur nemenda í Grandaskóla á samræmdum könnunarprófum árið 2012 í 4. bekk var talsvert yfir meðaltali borgarinnar, bæði í íslensku og stærðfræði. Undanfarin ár hefur meðaltal í íslensku oftast verið nokkuð yfir meðaltali Reykjavíkur og einu sinni áður enn hærra en það var nú síðast. Í stærðfræði var meðaltal skólans lægra árin 2005-6 en hefur síðan fylgt meðaltalinu í íslensku. Í 7. bekk hefur meðaltalsárangur í íslensku verið yfir meðaltali Reykjavíkur frá árinu 2005 en örlítið undir því árið 2012. Í stærðfræði hefur árangurinn verið yfir meðaltali Reykjavíkur frá árinu 2006 og oft talsvert yfir meðaltalinu. Framfarastuðull í íslensku sýnir eðlilegar framfarir nemenda. Framfarir nemenda í stærðfræði eru sum ár töluvert miklar (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2012 og 2011).

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
4. bekkur								
Íslenska	30,5	32,7	33,6	30,7	33,2	35,9	31,2	34,9
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5
Stærðfræði	27,3	27,8	33,2	30,4	33,6	35,9	30,9	34,0
Reykjavík	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	29,7	29,9
7. bekkur								
Íslenska	32,3	35,3	31,0	32,6	33,7	35,6	32,5	30,2
Framfarastuðull íslenska	1,01	1,02	0,97	1,02	0,99	1,03	1,03	1,01
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6
Stærðfræði	29,8	36,1	32,4	34,2	32,9	31,4	33,3	31,6
Framfarastuðull stærðfræði	1,04	1,07	1,05	1,08	1,06	0,99	1,04	0,99
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5

Niðurstöður skólans í lesskimun í 2. bekk hafa sveiflast nokkuð frá árinu 2006, einu sinni var skólinn undir meðaltali Reykjavíkur, þrisvar töluvert yfir og þrisvar fremur nálægt því. Þessar sveiflur endurspeglast ekki alveg í niðurstöðum árganganna í samræmdum prófum í 4. bekk, sem dæmi er niðurstaða fyrir árgang sem tekur lesskimun vorið 2009 og er rétt yfir meðaltali Reykjavíkur. Haustið 2010 tekur árgangurinn samræmt könnunarpróf í íslensku og er niðurstaðan langt yfir meðaltali Reykjavíkur. Hið gagnstæða gildir fyrir árganginn sem tekur lesskimun 2010 og er langt yfir meðaltali Reykjavíkur en prófniðurstaða úr samræmdu íslenskuprófi 2011 er rétt við meðaltal Reykjavíkur. Skólinn hefur tekið þátt í Talnalykli sem er stærðfræðiskimun fyrir 3. bekk frá árinu 2008 og eru svipaðar niðurstöður þar og í lesskimun, þrisvar var skólinn við meðaltal Reykjavíkur en tvisvar töluvert hátt yfir meðaltalinu. Tengsl við niðurstöður samræmdra könnunarprófa í stærðfræði í 4. bekk eru augljósari en í lesskimun og íslensku.

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Lesskimun 2. bekkur							
Hlutfall sem les sér til gagns	63%	81%	83%	74%	83%	77%	70%
<i>Reykjavík</i>	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%
Talnalykill 3. Bekkur							
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta	-	-	64%	86%	79%	91%	81%
<i>Reykjavík</i>	69%	68%	66%	69%	72%	74%	76%

Það sem vel er gert:

- Niðurstaða úr samræmdum prófum í 4. og 7. bekk er mjög góð flest þau ár sem skoðuð eru og meðaltal skólans oft langt yfir meðaltali Reykjavíkur.
- Framfarastuðlar í 7. bekk sýna eðlilegar og stundum mjög góðar framfarir nemenda.
- Niðurstaða nemenda í lesskimun og talnalykli er yfirleitt góð.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Áhugavert væri að skoða hvernig unnið er með niðurstöður skimana og hvernig það tengist árangri í samræmdum könnunarprófum.

Stjórnun og skipulag

Stefna Grandaskóla birtist í stefnukorti skólans þar sem lokamarkmið er: Framúrskarandi skóli. Góðir og fróðir nemendur, vel undirbúnir til frekara náms. Gildi skólans eru: Jákvæðni, ábyrgð, vellíðan og árangur (Heimasíða, skólastefna). Fram kemur fram í gagnaöflun við matið að árgangurinn er grunneining í skólastarfinu og tveir kennarar bera sameiginlega ábyrgð á hópnum hvað varðar umsjón, nám og kennslu nemenda en lýsing á þessu sést hvergi í gögnum skólans. Æskilegt er gera betur grein fyrir sérstöðu skólans hvað varðar kennsluhætti og skipulag í samvinnu árganga og kennara.

Skipurit og stuttar starfslýsingar eru birtar í starfsáætlun skólans.

Núverandi skólastjóri tók við starfi í skólanum haustið 2012 og hefur því ekki haft langan tíma til að móta stefnu skólans í samræmi við eigin áherslur. Hann leggur áherslu á að styrkja samvinnu og samábyrgð kennara og festa í sessi kennsluhætti yngra stigsins og innleiða þá á miðstiginu.

Aðstoðarskólastjóri er nánasti samstarfsmaður skólastjóra og staðgengill hans. Verkaskipting þeirra á milli er nokkuð skýrt mótuð og hefur lítið breyst undanfarin ár þrátt fyrir skólastjóraskipti að hennar sögn. Samstarf skólastjóra og aðstoðarskólastjóra er ekki formgert með fundum þó þeir hittist daglega til samráðs og sameiginlegrar ákvarðanatöku. Fagleg forysta er „til jafns“ hjá stjórnendum að mati aðstoðarskólastjóra og fer eftir verkefnum hvor stýrir.

Ekki hefur verið starfandi stjórnendateymi í vetur. Engir deildarstjórar eru við skólann en þrjár verkefnastjórar sem halda utan um ákveðin verkefni, s.s. sérkennslu og Olweusarverkefni. Skólastjóri lýsir áhuga á að fá kennara af yngra og miðstigi til að leiða fundi kennara og vera tengiliður stjórnenda við kennarahópinn og mynda þannig stjórnendateymi við skólann.

Í rýnihópum kennara kemur fram að þeim finnst skipulag vera óljóst og stefnu og sýn skorti, nýr skólastjóri hefur að þeirra mati ekki verið mjög atkvæðamikill á þessu fyrsta ári sínu og það er „enginn deildarstjóri lengur heldur bara einhverjir með sérverkefni“.

Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði á föstum fundartíma og eru þá ýmist fundir kennara eða allra starfsmanna.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2013 töldu 96% foreldra skólanum vera vel stjórnað. Þessi niðurstaða er yfir meðaltali í borginni sem er 89%. Árið 2012 töldu 83% skólanum vera vel stjórnað sem einnig yfir meðaltali borgarinnar sem var 75% en hafa ber í huga að spurningin var ekki mæld á sama kvarða sem hefur áhrif til hækkunar árið 2013.

Skipulag skóladags

Skrifstofa skólans er opin frá kl.8:00-15:30 alla virka daga á starfstíma skóla. Skóladagur nemenda hefst kl. 8:30 og lýkur á bilinu kl. 13.30 í 1.-4. bekk og kl. 14:10 í 5.-7. bekk. Stundatöflur eru samfelldar fyrir alla nemendur.

Frímínútur eru í 20. mínútur á milli 2. og 3. stundar og milli 4.-5. Stundar. Matarhlé er í 20 mínútur fyrir 1.-4. bekk kl. 11:50-12:10 og 5.-7. bekk kl. 12:30-12:50.

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Vikulegur kennslutími nemenda er í samræmi við það sem lög um grunnskóla kveða á um eða 30 stundir í 1.-4. bekk og 35 stundir í 5.-7. bekk. Kennsla í list- og verkgreinum er í 6 stundir á viku. Í 1 og 2. bekk fara hópar í tónmennt og íþróttir fjórum sinnum í viku og tvisvar í viku í 3.og 4. bekk.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Í Starfsáætlun Grandaskóla er ekki að finna sérstaka umfjöllun um samstarf við grenndarsamfélagið. Þar kemur þó fram að samstarf er við leikskóla í hverfinu um aðlögun elstu barna að grunnskólanum. Samvinnan felst í gagnkvæmum heimsóknum 1. bekkinga og elstu barna á leikskólanum svo og gagnkvæmum heimsóknum kennara og leikskólakennara. Á vordögum er síðan væntanlegum 1. bekkungum boðið í heimsókn í kennslustund (Starfsáætlun, áætlanir). Nemendur Grandaskóla fara flestir í Hagaskóla þegar 7. bekk lýkur. Til að undirbúa nemendur fyrir þessa breytingu fara þeir í skólaheimsókn í Hagaskóla í maí. Þar tekur skólastjóri á móti þeim, sýnir þeim skólann og ræðir við þau um þær breytingar sem verða (Heimasíða, foreldrar).

Í starfsáætlun kemur einnig fram áhersla á virka þátttöku foreldra í skólastarfi, bæði bekkjarstarfi og foreldrafélagi (Starfsáætlun, foreldrasamstarf).

Skólastjórar grunnskóla í Vesturbæ hafa með sér reglulegt samstarf og funda reglulega.

Það sem vel er gert:

- Stefna skólans er birt í stefnukorti á heimasíðu svo og gildi skólans sem eru: Jákvæðni, ábyrgð, vellíðan og árangur.

- Skipurit og stuttar starfslýsingar eru birtar í starfsáætlun skólans.
- Stundatöflur eru samfelldar fyrir alla nemendur.
- Kennsla í list- og verkgreinum er í 6 stundir á viku

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Skólastjóri þarf að setja skýrt fram sína sýn og stefnu í skólastarfinu.
- Koma þarf á stjórnendateymi með skýrt hlutverk gagnvart kennurum.
- Birta lýsingu á samkenndu innan árgangs og teymisvinnu kennara í stefnu skólans um starfshætti.

Nemendur og líðan

Í foreldrakönnun árið 2013 mátu foreldrar í Grandaskóla líðan barna sinna í skólanum góða en 95% töldu börnum sínum líða mjög eða frekar vel í skólanum almennt. Meðaltalið er svipað og í foreldrakönnun Grandaskóla 2012 (98%) en meðaltal Reykjavíkur nú í ár er 94%. Líðan í kennslustundum mældist eins og í skólanum almennt en 95% foreldra merkti við að barninu liði mjög eða frekar vel þar (meðaltal Reykjavíkur 93%). Eins og fyrri ár er niðurstaða um líðan í frímínútum lægri þar sem 90% foreldra sögðu barninu líða mjög eða frekar vel en meðaltal Reykjavíkur er 89%.

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6. og 7. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.³

Ársméðaltöl í Grandaskóla sýna að ánægja af lestri hefur verið rétt yfir landsmeðaltali og nokkuð yfir meðaltali sambærilegra skóla. Kynjamunur var sá sami og í öðrum skólum þar sem stelpur hafa meiri ánægju af lestri en strákar. Ánægja af lestri er nokkuð meiri í 6. bekk heldur en 7. bekk. Áhugi á stærðfræði fylgir nokkurn veginn landsmeðaltali, var aðeins undir því skólaárið 2011-2012 en var sá sami og landsmeðaltal skólaárið 2012-2013. Áhugi á stærðfræði er meiri í 6. bekk en í 7. bekk. Lítil kynjamunur var á þessum spurningum um stærðfræðina. Trú á gildi náttúruvísinda er rétt yfir landsmeðaltali en töluvert yfir meðaltali sambærilegra skóla. Eru stelpur í skólanum heldur jákvæðari í garð náttúruvísinda.

Trú á eigin námsgetu er 0,5 yfir landsmeðaltali sem telst ekki mikill munur en athyglisvert er að kynjamunur í Grandaskóla er mjög mikill þar sem trú stráka á eigin námsgetu er miklu minni en stelpna. Enginn munur er eftir árgöngum. Trú á eigin vinnubrögð í námi er líka mun minni hjá strákum en munurinn er ekki eins mikill.

³ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 6.júní 2013.

Nemendur skólans eru með þeim virkustu hvað snertir íþróttir og aðra hreyfingu sé litið til annarra skóla sömu gerðar, sérstaklega munar þar um hreyfingu hjá strákum sem er marktækt yfir landsmeðaltali stráka.

Nemendur í Grandaskóla eru rétt við landsmeðaltal hvað sjálfsálit varðar en ólíkt öðrum skólum eru stelpur heldur hærri en strákar þó ekki muni miklu. Stjórn á eigin lífi er meiri hjá nemendum Grandaskóla en í sambærilegum skólum og er nær enginn munur á kynjum eða árgöngum í þeim mælikvarða.

Mælingar á vanlíðan, kvíða og einelti eru allar undir landsmeðaltali sem merkir að nemendum Grandaskóla líður yfirleitt vel, niðurstöðurnar hvað vanlíðan snertir sýna engan mun á kynjum en aðeins eftir árgöngum, þar líður nemendum í 6. bekk betur en öðrum nemendum í 6. bekk á landinu og betur en 7. bekk í skólanum. Kvíði er einnig minni en að landsmeðaltali en kynjamunur er sá sami og í öðrum skólum, þ.e. kvíði er meiri hjá stelpum en strákum. Einelti mælist aðeins minna en landsmeðaltal, um það bil 2-3% nemenda segjast oft hafa orðið fyrir þessum tilvikum sem spurt er um, s.s. særandi orðalagi, vera útundan eða baktali. Einelti virðist vera mun minna hjá strákum í Grandaskóla en strákum í öðrum skólum en einelti hjá stelpum er svipað og annars staðar.

Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda eru oftast um eða rétt yfir landsmeðaltali og meðaltal sambærilegra skóla. Samband nemenda við kennara er rétt undir landsmeðaltali og eru strákar nokkuð óánægðari með það en stelpur. Stuðningur kennara við nemendur hefur sveiflast undanfarin ár, var 2010 töluvert yfir landsmeðaltali, 2011 nokkuð undir en hefur verið í landsmeðaltali í fyrra og nú árið 2013. Agi í tímum er minni að mati stelpna en stráka.

Af þeim foreldrum í Grandaskóla er svöruðu spurningu í foreldrakönnun 2013 um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum á síðustu 12 mánuðum, sögðu 5%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana í Reykjavík var 9%. Í foreldrakönnun 2012 sögðu 3% foreldra Grandaskóla að barn þeirra hefði orðið fyrir einelti sl. 12 mánuði. Um helmingur foreldranna 2013 sagði skólann hafa tekið vel á eineltinu sem er svipað og í öðrum skólum borgarinnar og 75% töldu skólann hafa tekið fljótt á málinu.

Nemendur í rýnihópi á yngsta stigi sögðu að flestum liði vel í skólanum en mögulega liði sumum strákum ekki nógu vel. Þeim fannst vel hugsað um börnin í skólanum og krakkar fengju hjálp frá starfsfólki ef verið að stríða þeim eða skilja útundan og allir væru duglegir að segja frá ef slíkt kæmi upp. Nemendurnir þekkja verklag til að stöðva einelti.

Nemendur á miðstigi sögðust taka þátt í skólapúlsinum og að mikið væri unnið í forvörnum gegn einelti. Þau höfðu séð margs konar efni tengt einelti, stuttmyndir, kvikmyndir og gátu nefnt hvað gera ætti ef einelti kæmi upp í skólanum. Skiptar skoðanir voru um hvernig gengi að uppræta einelti og komu sögur bæði þar sem það hefði gengið vel og svo ekki eins vel.

Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. grein um nemendafélög: „Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Starfsmenn heildarmats áttu rýnifund með stjórn nemendafélagsins og gáfu þeir upplýsingar um skipulag á starfi stjórnarinnar og um nemendafélagið. Á heimasíðu skólans er ekki að finna upplýsingar um skipan stjórnar nemendafélagsins.

Fulltrúar úr 5.-7. bekk Grandaskóla mynda stjórn nemendafélags og kemur einn úr hverjum árgangi. Nemendur bjóða sig fram til setu í nemendafélaginu og fara fram kosningar meðal nemenda innan hvers árgangs sem kys sína fulltrúa. Fulltrúar eru kosnir til eins árs í senn. Þau telja að nemendur í hverjum árgangi þekki sinn fulltrúa í ráðinu, en yngri nemendur fylgist lítið með því sem ráðið gerir. Einn kennari vinnur með stjórn nemendafélagsins. Stúlka úr stjórninni situr í skólaráði sem fulltrúi nemenda, ásamt annarri stúlku sem er utan stjórnar.

Fundir hafa verið fjórir í vetur, segja nemendur, fundargerðir eru ekki ritaðar að þeirra sögn. „Á fundum tölum við um hvað vantar eða þarf að laga eitthvað“, segja þau. Þau segja einnig frá því að hafa gengið á milli bekkja og safnað upplýsingum um hvað þurfi að laga á skólalóðinni. Þau taka þátt í að skipuleggja bókalausan dag, öskudag og böll og 5. bekkingar í stjórninni koma að 5. bekkjarballi í félagsmiðstöðinni Frosta.

Nemendur segja frá því að í fyrra hafi starfsemi nemendaráðsins að mestu legið niðri og þá voru 5. bekkingar ekki með í stjórninni. Skilaboð frá nemendaráði komast ekki alltaf til skila til skólastjóra og það þyrfti að laga að þeirra mati. Það sem þau vilja helst breyta er að fara á Reyki eins og skólarnir í kring, „við förum á Úlfljótsvatn sem er bara ein nótt“.

Reglur og agi

Skólareglur eru birtar í starfsáætlun skólans ásamt lýsingu á því hvernig nemandi getur bætt fyrir brot á þeim og lýsingu á viðbrögðum starfsmanna. Þær uppfylla að mestu þau viðmið sem kveðið er á um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og reglugerð um skólareglur (nr. 1040/2011), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur (fylgiskjal 7). Helst er þörf á að skerpa á viðbrögðum við brotum á reglunum og láta koma fram hvernig þau eiga að leiða til betri hegðunar nemenda.

Grandaskóli er Olweusarskóli sem líður hvorki einelti né andfélagslega hegðun, þetta kemur fram á heimasíðu skólans þar sem skólareglur eru birtar. Þar segir einnig: Þýðingarmikill þáttur í góðu skólastarfi er að þeir sem þar starfa beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og nánasta umhverfi sínu. Góður sjálfsagi og samvinnuhæfni er mikilvægur þáttur í daglegum samskiptum í skólanum. Til þess höfum við skólareglur okkur til hjálpar. Ef nemandi brýtur reglur skólans skal byrja á því að ræða það við hann og gefa honum síðan kost á að bæta ráð sitt (Heimasíða, skólareglur).

Að sögn aðstoðarskólustjóra var mikið lagt upp úr Olweusarverkefninu í innleiðingarferlinu sem tók tvö skólaár, m.a. „bættum við alla gæslu í frímínútum og allir kennarar fara út í frímínútur einu sinni í viku og skólaliðar og stuðningsfulltrúar oft“. Kennarar halda bekkjarfundi undir merkjum Olweus um það sem fram hefur komið í könnun eða umræðum og „það hefur skilað árangri“. Verkefnastjóri hefur að sögn kennara verið ötull að halda starfsfólki við efnið og minna á að, „við skiptum okkur af öllu bæði hvað varðar orðfæri nemenda og náttúrulega líkamlegt“. Allir eiga að skipta sér af öllum, segir þar og við erum samstíga innan skólans varðandi það hvaða hegðun við teljum æskilega og hvað ekki. Í rýnihópi kemur einnig fram sú skoðun að nemendur leyfi sér meira nú en áður, þó þau þekki reglurnar.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar á einelti meðal nemenda í 4.-7. bekk dró mjög úr einelti fyrst eftir innleiðingu Olweusarverkefnisins, það jókst aftur árið 2010 en dró svo aftur úr því eftir að hert hafði verið á fyrirbyggjandi aðgerðum. Helst verða nemendur fyrir einelti á skólalóð og á leið úr og í skóla. Eineltið er helst í formi uppnefna/gríns og rógs/lyga (Heimasíða, Olweus).

Fram kemur hjá nemendum í rýnihópum að skólareglurnar eru hengdar upp í hverri stofu og bekkjarreglur unnar út frá þeim. Í rýnihópi eldri nemenda gátu þeir nefnt mörg dæmi um skólareglur og hvernig farið væri eftir þeim. Viðurlög við ítrekuðum brotum væru ferð til skólustjóra eða að hringt væri heim til nemenda. Hjá yngri nemendum var óljósara hvað gerðist við brot á skólareglum enda var samdóma álit þeirra að það væru yfirleitt bara nemendur í 7. bekk sem brytu skólareglurnar.

Það sem vel er gert:

- Fulltrúar úr 5.-7. bekk Grandaskóla mynda stjórn nemendafélags og kemur einn úr hverjum árgangi.
- Skólareglur uppfylla að mestu þau viðmið sem kveðið er á um í grunnskólalögum og reglugerð um skólareglur.
- Grandaskóli er Olweusarskóli sem líður hvorki einelti né andfélagslega hegðun, verkefnið hefur skilað árangri samkvæmt mati starfsmanna og könnun.
- Nemendur Grandaskóla hafa jákvæð viðhorf til þeirra námsgreina sem spurt er um í Skólapulsinum.
- Þátttaka nemenda, sérstaklega stráka, í hreyfingu og íþróttum er mikil
- Mælingar á vanlíðan, kvíða og einelti eru allar undir landsmeðaltali sem merkir að nemendum Grandaskóla líður yfirleitt vel, einelti hjá strákum er mun minna en hjá strákum í öðrum skólum að þeirra eigin mati.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Efla enn frekar virkni nemendafélagsins og lýðræðislega þátttöku nemendaráðsins.
- Skerpa á viðbrögðum við brotum á skólareglum og láta koma fram hvernig þau eiga að leiða til betri hegðunar nemenda.
- Skoða viðhorf stráka til eigin námsgetu og vinnubragða í námi, einnig mætti skoða viðhorf þeirra til stuðnings frá kennurum.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í foreldrakönnun Skólapúlsins veturinn 2013 svöruðu 72% foreldra í Grandaskóla könnuninni. Viðhorf foreldra til náms og kennslu í skólanum almennt (alls 10 spurningar) er rétt yfir meðaltali landsins en rétt undir meðaltali sambærilegra skóla. Foreldrar stelpna eru nokkuð ánægðari með nám og kennslu í skólanum en foreldrar stráka.

Ánægja með stjórnun skólans er nú 96% en var 83% árið 2012 en hafa ber í huga að árið 2013 eru spurningar mældar á fjögurra gilda kvarða en ekki fimm, sem hefur áhrif til hækkunar. Ánægja með samskipti starfsfólks við nemendur var yfir meðaltali og má sérstaklega nefna að foreldrar á miðstigi voru töluvert óánægðari með samskiptin en foreldrar á yngsta stigi. Áður hefur verið minnst á mat foreldra á líðan barnanna í skólanum sem er sambærilegt við aðra skóla.

Langflestum foreldrum fannst áhersla á próf (76%) og þyngd námsefnis (80%) hæfileg en á þessum mælikvörðum var skólinn í kringum meðaltal borgarinnar. Meiri ánægja var með aga (91%) og er skólinn marktækt hærri en landsmeðaltal. Virkni foreldra í námi barna sinna (alls 8 spurningar) var í marktækt yfir landsmeðaltali sem og trú foreldra á eigin getu við að hjálpa barni sínu með námið. Mælikvarðar um foreldrasamstarf voru allir á pari við landsmeðaltal.

Foreldrar voru almennt ánægðir með ýmsa aðstöðu í skólanum og þá sérstaklega foreldrar barna í 1.-4. bekk. Ánægjan var mest með skólahúsnæðið almennt og aðbúnað í kennslustofum.

Foreldrar í rýnihópi töldu samskipti við kennara vera mjög góð, sérstaklega gott aðgengi að þeim ef á þyrfti að halda og upplýsingar um starfið bærust yfirleitt reglulega. Gott aðgengi væri að skólastjóra og hefði hann þegar sett jákvæðan blæ á skólastarfið, t.d. með þátttöku í viðburðum á vegum skólans. Heimasíða væri til fyrirmyndar, bæði upplýsingar um starfið og fréttir. Skólinn væri að miklu leyti eins og samfélag þar sem umhyggja gagnvart börnunum væri ráðandi þáttur. Oftast væri vel unnið úr erfiðum málum sem kæmu upp og leitað eftir ráðgjöf utan skólans ef þyrfti.

Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er samheldni og umhyggja gagnvart nemendum, reyndir kennarar og góð líðan barnanna. Mögulega mætti skoða skiptingu kennslu í bóklegar og verklegar greinar m.t.t. annarra skóla og heimavinnu nemenda. Einnig var minnst á umferðaröryggi við skólann sem mætti bæta.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð starfar við Grandaskóla skv. lögum um grunnskóla og reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Í skólaráðinu situr skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, þrír fulltrúar foreldra og tveir fulltrúar nemenda. Skólaráðið hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og birtast fundargerðir á heimasíðu skólans.

Skólastjóri annast skipulag funda og fundardagskrá er ákveðin fyrirfram en fulltrúar geta lagt mál til umfjöllunar eftir því sem þörf er á. Í rýnihópi foreldra kom fram að fyrir utan lögbundin verkefni væru niðurstöður úr könnunum kynntar í ráðinu og fjallað um ýmsar

tillögur sem snúa að skipulagi skólastarfs og hverfis. Kosið er um fulltrúa foreldra í skólaráði á fundi foreldrafélagsins.

Að mati foreldra í rýnihópi hefur starf foreldrafélags verið ágætt, það er þó oft sama fólkið sem tekur að sér að sitja í stjórn sem hefur þó sína kosti. Stjórn foreldrafélagsins fundar með bekkjarfulltrúum sem taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum félagsins. Foreldrar mæta ágætlega á þá viðburði sem og bekkjarkvöld. Að mati foreldra í rýnihópi leggur skólinn sitt af mörkum til að hvetja foreldra til þátttöku í foreldrastarfi auk þess sem foreldrum er reglulega boðið í heimsóknir í skólann.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um foreldrafélagið og stjórn þess, fundargerðir og skýrslur stjórnar eru þó nýjastar frá árinu 2009.

Það sem vel er gert:

- Sterkir foreldrar sem styðja við nám barna sinna
- Gott aðgengi að kennurum og stjórnendum að mati foreldra, góður andi meðal starfsfólks sem skilar sér í skólastarfið.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Skoða mun á samskiptum starfsfólks við nemendur þar sem foreldrar eldri nemenda eru töluvert óánægðari.
- Nýta styrkleika foreldra til að mynda öflugt foreldrasamstarf kringum skólann.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Einkunnarorð skólans eru: **Jákvæðni - Ábyrgð – Velliðan – Árangur**. Í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2010-2011 kemur fram að lögð sé áhersla á einstaklingsmiðaða og skapandi starfshætti í skólanum, m.a. með list- og verkgreinum sem veita nemendum tækifæri til að kynna leiðum til skapandi starfs og þroska með sér færni á þeim sviðum. Því er leitast við að samþætta þessar greinar öðru námi í skólanum. Það sama á við um upplýsinga- og tæknimennt og er lögð áhersla á að nemendur hljóti sem besta tölvukennslu og því hefur verið lögð áhersla á tölvur og upplýsingatækni í skólastarfi Grandaskóla og var skólinn á sínum tíma móðurskóli í tölvum. Tónlistaruppeldi skipar ríkan sess í skólastarfinu og eiga allir nemendur kost á tónmenntakennslu tvisvar til þrisvar í viku auk samsöngs sem fer fram á sal tvisvar í viku (Sjálfsmatsskýrsla, stefna og sérstaða skólans).

Í Grandaskóla er unnið að þróun starfshátta með það að leiðarljósi að koma betur til móts við mismunandi þarfir nemenda (Heimasíða, skólanámskrá). Í skólanum er teymiskennsla og árgöngum kennt saman þannig að hver árgangur er einn námshópur. Tveir umsjónarkennarar eru í hverjum árgangi og kenna hópnum saman í tveimur samliggjandi, opnum kennslustofum, en hægt er að loka á milli. Ekki er að finna lýsingu á þessu skipulagi eða markmiðum þess í gögnum skólans. Í rýnihópum kennara kemur fram að þeir eru missáttir við þetta skipulag, kostur að þeirra mati er samvinna við undirbúning og sameiginleg ábyrgð á nemendum en ókostur meira álag og meira áreiti í stórum hóp nemenda. Samvinna kennara hefur alltaf verið góð að þeirra sögn, en „svólítið happadrætti með hverjum maður lendir og hvort maður getur unnið vel saman“ í þessu kerfi. Einnig kemur fram að upphaflega var um tilraun að ræða og „þá þarf náttúrulega að taka svona einhvern tíma formlega ákvörðun, en hún var svona í raun aldrei tekin formlega ... ígrunda kosti og galla kerfisins sem slíks, fara í gegnum það þannig að fá sem mesta sátt“, kemur fram hjá kennara.


Nemendum á yngsta stigi finnst námið stundum létt og stundum erfitt. Það fer eftir því hvað er verið að læra: „meirihlutanum finnst líklega námið frekar létt heldur en frekar erfitt“, telja þau, „sinnum er erfitt og plús er frekar létt og svo er deilt með sem sumum finnst soldið erfitt“. Gott að læra í hóp, ef það er góður hópur, en stundum gott að læra einn. Kennararnir ráða því hvað við erum að gera hverju sinni og það er „þægilegra þegar kennarinn skipuleggur“. Það eru ekki allir á sömu blaðsíðu og krakkar fá oftast að læra eins og þeim finnst þægilegast að læra, segja þau líka.

Á miðstigi segja nemendur frá vettvangsferðum, „fórum um daginn á landnámssýninguna niður í miðbæ þegar við vorum að læra um landnámið, líka í fjöruferð og í heimsókn í Vísindasmiðjuna í Háskólabíó, á Þjóðminjasafnið og á handritasýningu“, en „við lærum mest um náttúruna í bókum, stundum förum við út og það mætti vera meira af slíku“. Sumt er erfitt í náminu segja þau, en ekki annað. Munur á yngsta stiginu og eldra stiginu er t.d. að núna erum við svo mikið að lesa í einni bók og skrifa efni í aðra, á yngra stiginu skrifuðum við svo mikið beint í bækur. Mjög góðir kennarar í skólanum, og þau eru ánægð með lotukerfið sem þau segja vera tilbreytingu.


Kennsluhættir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir að mati kennara í rýnihópum. Hringekjur eru mikið notaðar í samkenndu árganga „þar sem eru fóst ákveðin verkefni sem krakkarnir vinna saman að í hópum“. Nemendur geta einnig sjálfir valið verkefni í svokölluðu klemmuvali. Svo eru bókalausir dagar, vinabekkir og vinavika að hausti þar sem öllum nemendum er blandað óháð aldri. Að vori er vorhátíð og „við brjótum mikið upp starfið og förum fram á ganga“. Kennarar nefna einnig paravinnu og einstaklingsvinnu þar sem nemendur vinna að verkefnum á mismunandi hátt svo og fjölbreyttar aðferðir tengdar verkefninu Orð af orði.

Farið var í heimsókn í alls 20 kennslustundir í öllum árgöngum og í list- og verkgreinum og íþróttum. Skráð var hvaða kennsluhættir voru notaðir í þessum stundum, merkt var við 1-3 atriði í hverri stund. Í vettvangsathugunum var oftast merkt við innlögn og umræður. Athygli vekur að tiltölulega jöfn skipting er milli innlagna, verkefnavinnu og sköpunar og tjáningar í kennslustundum. Einnig er oftast merkt við markvissa samvinnu í hóp en í öðrum skólum að meðaltali.⁴



Kennsluhættir - heild



⁴ Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.

Til samanburðar er mynd sem sýnir hvernig kennsluhættir skiptast að meðaltali í skólum þar sem þeir hafa verið markvisst metnir undanfarin ár.

Sérstaða skólans

Áhersla á listgreinakenndu, sérstaklega tónmenntakenndu og einnig tölvur og upplýsingatækni markar sérstöðu skólans. Það er framúrskarandi tölvukennsla, stuttmyndir, heimasíðugerð o.fl. þrátt fyrir að vera með lélegan tölvukost segir í rýnihópi kennara.

List- og verkgreinar

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum, þ.e. textílmennt, myndmennt, hönnun og smíði og heimilisfræði, en tónmennt er föst á töflu allra árganga tvisvar til þrisvar í viku. Tímar í lotu eru 6 stundir á viku í 6-7 vikur í senn sem er yfir því sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir í þessar greinar. Mikil tónmenntakenndu og myndlistakenndu miðað við aðra skóla og dansinn er alltaf fyrir alla árganga, segir í rýnihópi kennara, en heimilisfræði er ekki kennd í öllum árgöngum og textíl er ekki öll árin einnig hefur dregið úr smíði, segir þar.

Aðstaða til kennslu list- og verkgreina í skólanum er almennt góð og vel útbúnað stofur.

Skólasafn

Skólasafnið er í stjórnunarálfmu skólans og tekur 30 nemendur í sæti, þar að auki eru lesbásar fyrir 5 nemendur. Á safninu eru 11 tölvur þar af níu til notkunar fyrir kennara og nemendur. Þar er fjölbreyttur bókakostur og önnur gögn (Heimasíða, skólasafn). Á heimasíðu eru birtar upplýsingar um safneignina og þær reglur sem gilda á skólasafninu. Verkefnastjóri sér um skólasafn og tölvukennslu.

Námsmat

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir tilhögun og framkvæmd námsmats eftir árgögnum. Markmið eru ekki tilgreind. Í sjálfsmatsskýrslu skólans (2010-2011) kemur fram að þörf sé á endurskoðun á markmiðum og framkvæmd námsmats í Grandaskóla, einnig segir þar að vísir að þessu sé hafinn með notkun á Námsframvindu-einingu í Mentor. Ekki liggja fyrir frekari upplýsingar um stöðu þessa verkefnis nú þegar heildarmat fer fram, en í rýnihópum kennara kemur fram að leiðsagnarmat er í vinnslu.

Upplýsingar um námsárangur eru skráðar á mentor.is, á vitnisburðarblöð, prófaskýrslur og hjá kennara. Vitnisburður nemenda er skráður í orðum í 1.-4. bekk með eftirfarandi hætti:

Mjög gott = tileinkun á 80 – 100% námsmarkmiða.

Gott = tileinkun á 60 – 79% námsmarkmiða.

Sæmilegt = tileinkun á 40 – 59% námsmarkmiða

Slakt = tileinkun á 20 – 39% námsmarkmiða

Ófullnægjandi = tileinkun 0 – 19% námsmarkmiða

Nokkur próf eru í 1. - 4. bekk. Fylgst er með framvindu lesturs með þar til gerðum lestrarprófum (hraðlestri og lesskilningi). Kannanir í stærðfræði eru lagðar fyrir af og til.

Könnun í stafsetningu er a.m.k. tvisvar á vetri í 2. - 4. bekk.

Framkvæmd námsmatsins er kynnt nemendum og foreldrum strax að hausti.

Í 5.-7. bekk er gefið í heilum og hálfum tölum. Símat fer fram í öllum greinum allan veturinn. Það er stór hluti af vitnisburði vetrarins og er svo til eingöngu lagt til grundvallar í yngri bekkjum (Heimasíða, námsmat).

Foreldrar í rýnihópi segjast taka þátt í að meta framfarir hjá börnunum og þau meti sig sjálf líka, fyrir foreldraviðtal áttu þau að fylla út blað þar sem þau eru spurð áhlits. Þá eru kennarar búnir að ræða um barnið og svo er það borið saman við óskir barns og foreldra.

Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna


Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5 (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám). Lengst er skólinn kominn í námsumhverfisstöðinni og skipulagsstöðinni.

Í vettvangsathugunum var í 15% tilvika merkt við markvissa samvinnu nemenda sem er herra en að meðaltali í öðrum skólum.

Nemendur í rýnihópum kannast ekki við að gera sína eigin áætlun heldur gerir kennarinn áætlunina. Krakkar gera svona dagsáætlun fyrir sig sem er að fara heim og borða, læra og æfing, segja þau. Eldri nemendur segja frá vikuáætlun sem kemur frá kennara, ef þau klára ekki vikuáætlunina þá þurfa þau að klára lærdóminn heima um helgar. Heimavinnan er lögð inn á Mentor.

Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 20 kennslustundir í 1.-7. bekk og 19 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 11% stunda frábærar, 84% góðar og 5% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi. Rauða súlan sýnir gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Gæði kennslustunda eru metin m.a. út frá því hve vel og markvisst kennari skipuleggur stundina, hversu vel tíminn er nýttur og hvort nemendur eru virkir og áhugasamir. Kennslustund sem metin er viðunandi uppfyllir ekki alla þessa þætti en er samt í meginatriðum í lagi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Það sem vel er gert:

- Í skólanum er teymiskennsla og árgöngum kennt saman þannig að hver árgangur er einn námshópur.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir að mati kennara.
- Í vettvangsathugunum var oftast merkt við sköpun og tjáningu og markvissa samvinnu í hóp en að meðaltali í öðrum skólum.
- 95% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar sem er yfir meðaltali annarra skóla.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Birta lýsingu á skipulagi samkennslu árganga og kennslufræðilegum markmiðum samvinnunnar í skólanámskrá.
- Efla ábyrgð nemenda á eigin námi með því að þau taki þátt í markmiðssetningu og geri eigin áætlanir um nám sitt.
- Ljúka endurskoðun námsmats og taka upp leiðsagnarmat.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Fjallað er um stoðþjónustu Grandaskóla á heimasíðu skólans þar segir m.a.: Samkvæmt starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2007 er lögð áhersla á hugmyndafræði skólastefnunnar „skóli án aðgreiningar“. Megininntak hennar er að: Sérhver nemandi eigi rétt á að ganga í sinn heimaskóla, fá kennslu við hæfi þar sem hæfileikar hans fá að njóta sín og hann sé virtur og viðurkenndur sem fullgildur meðlimur skólasamfélagsins. Sérkennslan er ein af leiðum skólans til að koma til móts við námsþarfir nemenda sem af einhverjum orsökum þurfa sérstakan stuðning í námi. Framkvæmd sérkennslunnar er með fjölbreyttum hætti. Hún getur falið í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum miðað við það sem öðrum nemendum er boðið upp á (Heimasíða, stoðþjónusta).

Verkefnastjóri í 25% starfi heldur utan um sérkennsluna og sinnir einnig sérkennslu á mótí, en áður var deildarstjóri í 50% starfi. Í rýnihópi um sérkennslu kom fram óánægja með þessa breytingu „það er eiginlega engin stjórnun“, segir þar. Verkefnastjóri sér um greiningar nemenda og ráðgjöf við kennara og situr fundi vegna einstaklinga.

Teymisfundir þeirra sem starfa að sérkennslu, þroskaþjálfum og kennurum, eiga að vera einu sinni í viku, en þeir eru settir á sama tíma og aðrir fundir í skólanum þannig að fundurinn vikur oft „því þetta er tími sem allir eru lausir í húsinu“. Stuðningsfulltrúar eru sjaldnast með á þessum fundum þar sem þeir eru þá settir til annarra verka, en þeir sitja teymisfundi fyrir ákveðna nemendur sem þeir eru að vinna með. Skólastjóri er næsti yfirmaður stuðningsfulltrúa.

Skóli án aðgreiningar þýðir að það er unnið með „alls konar nemendur með alls konar þarfir og reynt að koma til móts við þá eins og hægt er“. Nemendurnir eru hluti af hópnum og það er reynt að gera allt bæði námslega og félagslega fyrir þá tvímælalaust, segir í rýnihópi um sérkennslu. Fram kemur í rýnihópum að ekki eru allir kennarar sammála um þá stefnu um skóla án aðgreiningar og að allir nemendur eigi að vera í almennum skóla.

Skipulag sérkennslu

Ekki er til heildaráætlun fyrir sérkennsluna, „það er til starfslýsing fyrir sérkennarana en ekki áætlanir beint eða við höfum alla vega ekki séð þær“ nema það sem er í skólanámskránni um sérkennslu. Ekki er til formleg móttökuáætlun „eða við alla vega við vitum ekki af því“, kemur fram í rýnihópi um sérkennslu. Upplýsingar um nemendur með sérþarfir koma frá foreldrum eða í gegnum leikskólann að sögn verkefnastjóra. Skimanir eru gerðar til að finna börn með sérþarfir til dæmis lestrarörðugleika, stærðfræðierfiðleika og lögð áhersla á snemmtæka íhlutun og „það er forgangsraðað grimmt“ þannig að yngstu árgangarnir fá mesta þjónustu.

Allir nemendur fylgja sínum hóp þó þeir komi í sérkennslu hluta dagsins. Stuðningsfulltrúar fylgja mest nemendum inni í bekk eða fylgja bekkjum og vinna í samráði við kennarann en nemendur eru teknir út úr bekk í sérkennslu. Bæði er það gert til að skapa nemendum næði og hlífa eldri nemendum við að opinbera veikleika þeirra í hópnum að sögn.

Almennt eru nemendur með sama námsefni í sérkennslu og aðrir en reynt að finna leiðir til úrvinnslu sem hentar hverjum og einum.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir flesta nemendur sem víkja frá og fyrir alla þá sem fá sérúthlutun. Verkefnastjóri ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár, en leggur áherslu á að hún sé unnin í teymi og í samvinnu foreldra, kennara og sérkennara. Hún hefur útbúið leiðbeiningar fyrir kennara um markmiðssetningu í einstaklingsnámskrá, út frá fáum markmiðum sem valin eru hverju sinni er sett fram áætlun sem síðan er endurskoðuð á nokkurra vikna fresti. Þroskaþjálfari hefur gert áætlanir fyrir nemendur í nokkrum bekkjum en það er ekki gert í samvinnu við umsjónarkennarana „vegna þess að þroskaþjálfari getur ekki boðað til sín almenna kennara“.

Aðstaða og aðbúnaður

Finn skóli, nóg pláss en tölvurnar eru þreyttar, segir í rýnihópi, skólinn er eins vel búinn og hægt er og bókasafnið mjög flott. Sums staðar í stofum er hljóðbært en flestar stofur eru með góðri einangrun.

Það er ekki mikið af fötluðum nemendum í skólanum en aðstaða er fyrir hendi fyrir hreyfihamlaða.

Viðhorf og líðan:

Viðhorf kennara til nemenda með sérþarfir er misjafnt í kennarahópnum, en stefnt er að því að allir geti verið í sínum hópi. Að mati verkefnastjóra hefur mikið áunnist síðari ár hvað varðar viðhorf til nemenda sem víkja frá þó enn heyrist þær raddir að þjónusta við þá sé á kostnað hinna í hópnum. Kennarar eru duglegir að leita lausna fyrir nemendur og láta vita af þeim sem þurfa aðstoð.

Sú skoðun kemur einnig fram að kennarar vilji varpa ábyrgð á nemendum með sérþarfir yfir á sérkennara eða „þeir upplifi vanmátt“ gagnvart verkefninu „mér finnst fólk alltaf vilja meiri og meiri aðstoð og hjálp og að barnið fari meira út úr stofunni og upplifa það sem bestu lausnina“, segir í rýnihópi. Hegðunarerfiðleikar eru erfiðastir í stórum hóp, segir einnig „kennarar upplifa að þeir geti ekki sinnt nemendunum nógu vel“.

Upplýsingaflæði – samstarf

Sérkennari vinnur með bekkjarkennurum að gerð einstaklingsáætlana, samstarf er almennt gott og starfsandi góður milli þeirra sem koma að sérkennslunni. Sérkennararnir tveir skipta með sér árgöngum sem þær vinna með og verkefni skarast ekki mikið.

Verkefnastjóri segist reyna að hafa einn fund á hausti til að miðla upplýsingum um nemendur sem víkja frá, þannig að allir sem umgangast viðkomandi hafi þær upplýsingar sem þarf.

Stuðningsfulltrúar eiga að fá sínar upplýsingar frá kennurum en upplifa „upplýsingaleysi“ einnig vegna þess að þeir eru ekki alltaf með á fundum starfsmanna, „ég upplifi mig meira sem afgangsstærð í vetur“, segir í rýnihópi um sérkennslu. Þar kemur líka fram að samstarfið sé gott hjá þeim sem sinna sérkennslunni en að það vanti meira formlegt samstarf við aðra kennara, t.d. um einstaklingsnámskrár, og skilning á að allir vinni saman að þeim.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Verkefnastjóri sérkennslu hefur með höndum ráðgjöf við kennara sem hluta af sinni verklýsingu að svo miklu leyti sem hún kemst yfir það, að eigin sögn.

Aðgengi er gott að sérfræðiþjónustu frá þjónustumiðstöð að mati rýnihóps, „mikill munur eftir að Vesturgarður kom“ og í skólanum er starfandi félagsráðgjafi sem er kostur að mati rýnihóps. Enginn námsráðgjafi er starfandi við skólann.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kemur saman einu sinni í viku og tekur fyrir mál einstakra nemenda. Hjúkrunarfræðingur, skólalæknir, stjórnendur skólans og sálfræðingur sitja fundi þess ásamt bekkjarkennara ef þurfa þykir (Heimasíða, forvarnaráætlun).

Það sem vel er gert:

- Verkefnastjóri heldur utan um skipulag sérkennslu, ráðgjöf, greiningar og námskráargerð.
- Allir nemendur fylgja sínum hóp þó þeir komi í sérkennslu staka tíma eða hluta dagsins.
- Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda að sögn þeirra sem vinna að sérkennslunni.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur sem fá sérúthlutun.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Stuðla að jákvæðara viðhorfi meðal kennara til skóla án aðgreiningar.
- Leita leiða til að styrkja skipulag og stjórnun sérkennslu og stuðnings, m.a. með því að gera heildaráætlun um sérkennslu.
- Koma á reglulegum fundum þeirra sem sinna sérstuðningi við nemendur með þátttöku allra starfshópa.
- Efla ráðgjöf innan skólans og stuðning við kennara vegna nemenda með sérþarfir.
- Auka fræðslu til kennara um nemendur með sérþarfir.
- Leita leiða til tryggja að nauðsynlegar upplýsingar berist til stuðningsfulltrúa.

Skólaþróun og mat

Ekki er gerð sérstök grein fyrir þróunarverkefnum í starfsáætlun. Á heimasíðu fannst skýrsla um skólaþróunarverkefnið *Gerum gott betra* sem unnið var af starfsfólki Grandaskóla skólaárið 2006–2007.

Að sögn kennara í rýnihópi eru helstu þróunarverkefni sem unnið hefur verið í skólanum á undanförunum árum Orð af orði, Olweusarverkefni og samvinna Vesturbæjarskólanna um að móta lestrarstefnu skólanna. Kennarar á yngri stigi í rýnihópi sögðu að þeir hefðu frekar vilja vera með Byrjendalæsi í yngstu árgöngunum en Grandaskóli væri eini skólinn í Vesturbænum sem væri með verkefnið Orð af orði í öllum árgöngum, „Orð af orði er ekki tímabært í yngri bekkjunum og það gagnast bara ekki“. Í rýnihópi kennara á miðstigi var meiri ánægja með verkefnið, „það er mjög gaman að hafa svona eins og Orð af orði saman, það er skemmtilegt“. Að sögn kennara var farið af stað með Orð af orði sem þróunarverkefni í samstarfi við aðra skóla í Vesturbænum að hluta til af því það var ódýrara að vera í samstarfi og líka af því að einhverjir skólar voru komnir af stað og mæltu með því. Boðið er upp á ákveðna símenntun fyrir kennara í tengslum við verkefnið.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að skólinn tæki einnig þátt í Comeniusarverkefni sem myndlistarkennari skólans stýrir. Verið væri að halda sýningu á verkum nemenda í tengslum við verkefnið. Upplýsingar um verkefnið er ekki að finna á heimasíðu eða í gögnum skólans.

Skólastjóri sagðist hafa sótt um og fengið styrk til að hrinda af stað verkefni um samvinnu og samábyrgð á næsta ári sem væri liður í því að efla starfsandann í skólanum.

Innra mat og umbótaáætlun

Á heimasíðu Grandaskóla er fjallað um innra mat og birt sjálfsmatskýrsla frá skólaárinu 2010-2011. Samanteknar niðurstöður úr Skólapúlsinum, vefkerfi sem kannar virkni og líðan nemenda í 6.-10. bekk, eru birtar á heimasíðunni fyrir skólaárin 2009/2010, 2010/2011 og 2011/2012. Ennfremur eru birtar niðurstöður úr könnunum skóla- og frístundasviðs í tengslum við markmið skólans. Engar niðurstöður er að finna fyrir skólaárið 2012/2013.

Í rýnihópaviðtölum við kennara og starfsfólk fyrir heildarmatið kom fram að frá 2011 hafi ekki verið unnið markvisst að innra mati og ekki væri lengur starfandi hópur sem bæri ábyrgð á matinu en slíkur hópur hefði verið starfandi fyrir fáeinum árum.

Vísi að matsáætlun er að finna á heimasíðu þar sem fjallað er um niðurstöður út frá markmiðum skólans, en hún endurspeglar að einungis sumir þættir skólastarfsins eru og/eða hafa verið metnir, s.s. líðan, virkni og árangur nemenda, aðbúnaður og kennslumagn í verkgreinakennslu. Ekki er t.d. sjáanlegt að mat á kennslu og starfsháttum sé liður í innra mati eða að markvisst sé verið að leita eftir viðhorfum foreldra og starfsmanna umfram það sem kannað er miðlægt frá skóla- og frístundasviði og/eða Reykjavíkurborg.

Það innra mat sem framkvæmt hefur verið er markmiðsbundið og skilgreind eru töluleg viðmið um þann árangur sem stefnt er að fyrir hluta markmiða. Ekki er að sjá að leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum séu metnar. Almennt höfðu kennarar og starfsfólk lítið um innra matið að segja og sögðust ekki hafa tekið þátt í því en sögðu þó að að niðurstöður úr því hefðu verið kynntar á starfsmannafundum. Ekki er að finna á heimasíðu skólans umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum innra mats.

Það sem vel er gert:

- Nokkur þróunarverkefni eru í gangi m.a. Comeniusarverkefni undir stjórn myndmenntakennara.
- Reglulegt mat á virkni og líðan nemenda í gegnum Skólapúlsinn er fastur liður í skólastarfinu.
- Gerð er grein fyrir hvernig markmið skólans eru metin.
- Skilgreind eru viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar við innra mat.

Tækifæri til umbóta:

- Æskilegt er að gera grein fyrir þróunarverkefnum skólans í starfsáætlun og á heimasíðu.
- Æskilegt væri að taka tillit til óska kennara í yngstu árgöngum um að endurskoða þátttöku þeirra í þróunarverkefninu Orð af orði.
- Efla þarf markvisst og kerfisbundið innra mat sem er samofið daglegu skólastarfi.

- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans⁵ og birta í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.
- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að hafa í huga að þar verði fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf.
- Bent er á mikilvægi þess að starfsfólk, foreldrar og nemendur séu virkir samstarfsaðilar um innra mat og að leitað sé eftir viðhorfum allra hagsmunahópa til skólastarfsins.
- Leita þarf leiða til að meta reglulega kennslu og starfshætti kennara.

Virk upplýsingamiðlun

Í Grandaskóla er skráninga- og upplýsingakerfið Mentor.is notað til upplýsingamiðlunar. Þar geta foreldrar séð dagskrá barna sinna, ástundun, námsáætlanir, heimavinnu, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal og fleira. Við lok hvorrar annar eru foreldraviðtöl með nemanda og foreldrum.

Í foreldrakönnun 2012 sögðust 79% foreldra barna í skólanum vera ánægð með almenna upplýsingagjöf frá skólanum, sem er nálægt meðaltali Reykjavíkur (78%). Um 78% svarenda voru ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans miðað við 74% meðaltal annarra skóla.

Ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið (85%) var aðeins meiri en í skólum borgarinnar í heild (82%) og ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um líðan og félagsanda í bekk (63%) er svipuð og hjá heild skóla (65%).

Að mati foreldra í rýnihópi koma almennt góðar upplýsingar frá kennurum en þó misjafnt eftir því hver kennarinn er.

Fréttabréf Grandaskóla er gefið út tvisvar til þrisvar á önn og er það birt á heimasíðu skólans (síðasta fréttabréfið þar er frá því í desember 2012).

Skólanámskrá, starfsáætlun og námsáætlanir

Skólanámskrá fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans. Þar kemur fram að byggt er á aðalnámskrá grunnskóla. Í skólanámskrá koma fram upplýsingar um stefnu skólans, starfsemi hans frá stofnun og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi.

Birtar eru námsáætlanir fyrir hvern árgang í 1.-7. bekk eftir námsgreinum þar sem tilgreindir eru námsþættir, markmið, leiðir, námsefni og námsmat. Í flestum árgöngum eru síðan gerðar vikuáætlanir þar sem m.a. kemur fram heimavinna nemenda.

Upplýsingar vantar um nokkra þætti sem birtast eiga í skólanámskrá skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011, s.s. upplýsingar um sérstöðu skólans og upplýsingar um stefnu skólans

⁵ Lista yfir helstu þætti er t.d. að finna á bls. 5 í *Leiðbeiningum og viðmiðum fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla*. Sjá: <http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leiðbeiningar-fyrir-efirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf>

varðandi samkenndu og fjölbreytta kennduhætti. (sjá nánar í meðfylgjandi gátlista um skólanámskrá í fylgiskjali 4).

Starfsáætlun Grandaskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans. Þegar starfsáætlun var yfirfarin á fagskrifstofu grunnskóla SFS vorið 2012 taldist hún í fullu samræmi við grunnskólalög nr.91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) og tilmæli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur (sjá nánar í meðfylgjandi gátlisti um starfsáætlun í fylgiskjali 5).

Samkvæmt könnun á viðhorfum foreldra 2012 hafa 18% foreldra tekið þátt í að gera námsáætlun með barninu sínu sem er aðeins lægra en í meðaltali skóla í borginni í heild (29%), en er þó hlutfallsleg fjölgun frá því að könnunin var síðast lögð fyrir árið 2010. Aðspurðir um hversu mikilvægt eða lítilvægt þeim finnst að gera námsáætlun með barninu sínu svara 57% því til að þeim finnst það mikilvægt. Nemendur í rýnihópum segjast ekki gera eigin námsáætlanir.

Heimasíða

Heimasíða Grandaskóla er aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Þar er að finna flestar þær upplýsingar sem skv. gátlista er ætlast til að birtist þar.

Upplýsingar eru á síðunni um skólann, stefnu hans, skólanámskrá og starfsáætlun, skólareglur og viðbrögð við agabrotum, skólaráð og foreldrafélag og sérkenndu svo eitthvað sé nefnt (sjá frekar í fylgiskjali nr. 6: Gátlisti um heimasíðu).

Í foreldrakönnun 2012 voru um 78% svarenda ánægðir með upplýsingar á heimasíðu skólans miðað við 74% meðaltal annarra skóla.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Í Grandaskóla hefur verið unnin forvarnaráætlun, þar er markmiðið að nemendur öðlist heilbrigða lífssýn. Í því felst m.a. að unnið er að því að styrkja jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni nemenda og stuðla að því að þeir temji sér heilbrigða lífshætti (Starfsáætlun, forvarnaráætlun). Í áætluninni eru tilgreindar leiðir að þessu markmiði, fyrirbyggjandi starf innan skólans og viðbrögð m.a. samskipti, einelti og áföll.

Ekki kemur fram að áhersla hafi verið lögð á vistvænan rekstur skólans.

Öryggisþættir

Eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og hangir uppi í öllum kenndurýmum. Rýmingaráætlun er haldnar tvisvar á ári. Ennfremur liggja fyrir viðbragðsáætlanir vegna heimsfaraldursinflúensu og vegna óveðurs (Starfsáætlun).

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggisnefnd við skólann eða áhættumat.

Það sem vel er gert:

- Ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið var aðeins meiri í foreldrakönnun 2012 en í skólum borgarinnar í heild.

- Skólanámskrá fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans með námsáætlunum fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.
- Starfsáætlun Grandaskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans og telst hún í fullu samræmi við kröfur.
- Heimasíða Grandaskóla er aðgengileg og fréttir uppfærðar reglulega. Þar er að finna flestar þær upplýsingar sem skv. gátlista er ætlast til að birtist þar.
- Í Grandaskóla hefur verið unnin forvarnaráætlun, þar er markmiðið að nemendur öðlist heilbrigða lífssýn.
- Eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og hangir uppi í öllum kennslurýmum.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Að mati foreldra í rýnihópi koma almennt góðar upplýsingar frá kennurum en þó misjafnt eftir því hver kennarinn er.
- Upplýsingar vantar í skólanámskrá um nokkra þætti sem þar eiga að birtast skv. aðalnámskrá grunnskóla.
- Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggisnefnd við skólann eða áhættumat.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 42 starfsmenn skólaárið 2012-2013 í 36 stöðugildum, þar af kennarar í 25,7 stöðugildi.

Grandaskóli hefur komið nokkuð vel út í viðhorfskönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar síðustu ár og niðurstöður í nýjustu könnuninni frá nóvember 2011 voru betri en í fyrri tveimur könnunum í öllum þáttum nema þremur, sem könnunin tekur til.⁶ Ný viðhorfskönnun var lögð fyrir í apríl 2013 en niðurstöður lágu ekki fyrir við gerð matsins. Í könnuninni sem gerð var í nóvember 2011 mældust 11 af þeim 18 þáttum sem spurt er um á starfhæfu bili með gildi á bilinu 6,5-7,9, einn þáttur var á aðgerðarbili með gildið 3,8 og sex þættir voru á styrkleikabili með gildi á bilinu 8,1-8,8.⁷ Þegar niðurstöður viðhorfskönnunar Reykjavíkurborgar frá 2011 eru skoðaðar ber að hafa í huga að nýr skólastjóri tók til starfa í Grandaskóla í ágúst 2012.

Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2011 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ gildið 8,0 og stóð í stað frá könnuninni 2009. Þess ber að geta að þessi spurning kom mun betur út í könnuninni 2009 en 2008, þegar gildið var 7,0. Fullyrðingin „Það er góður starfsandi á mínum vinnustað“ fékk gildið 7,1 í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar sem er talsverð hækkun frá könnuninni 2009 þegar gildið var 6,6 en það var lækkun frá 2008 þegar gildið var 7,0. Fullyrðingin „Ég er ánægð(ur) með markmið og stefnu vinnustaðar míns“ fékk gildið 7,4 og hefur hækkað frá 2009 en 75% svarenda voru sammála þeirri fullyrðingu 2011. Um 87% svarenda eru sammála því að þeir hafi sveigjanleika til að samræma starf og einkalíf.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að þreytu gætir í starfsmannahópnum, „fólk er að tala í sig þreytu og elli“, segir þar. Í rýnihópi kennara á yngra stigi kom fram að félagslíf í starfsmannahópnum væri í mikilli lægð og alltaf yrði erfiðara og erfiðara að rífa það upp aftur, „en það er alltaf voða gaman hjá okkur þegar við gerum eitthvað saman!“. Kennarar á miðstigi í rýnihópi sögðu að fólk væri ekki lengur tilbúið til að gefa frítíma sinn til að eyða með vinnufélögunum, skráning á árshátíðin hefði t.d., verið svo dræm að hún var haldin í heimahúsi. Þátttakendur í rýnihópi um sérkennslu sögðu að það hefði verið mjög þungur andi í fólki í vetur, m.a. vegna launakjara. Þeir sögðust upplifa sig sem eyland í skólanum og væru einangraður hópur „í öðru liði“. Í viðtölum við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra kom fram að ákveðin togstreita væri á milli umsjónarkennara og sérgreinakennara og auk þess hefðu komið upp alvarleg veikindi í kennarahópnum sem hefðu tekið toll í svo litlu samfélagi þar sem allir þekkja alla og aukið álagið á aðra kennara. Starfsmannahópurinn væri minni en hann var á árum áður þegar nemendur voru fleiri í skólanum. Fram kom í viðtölum og rýnihópum

⁶Svarhlutfall í könnuninni var 63% árið 2011.

⁷Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 8,0 eða hærra, starfhæft bil 6,0-7,9 og aðgerðabil 5,9 eða lægra.

að flestir kennararnir hefðu starfað við skólann mjög lengi og að hópurinn þekktist mjög vel. Í öllum rýnihópum og viðtölum kom fram að það ríkti væntumþykja innan hópsins og að fólki liði vel í vinnunni og gæti leitað hvert til annars ef eitthvað kæmi upp á. Það er í samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunarinnar frá 2011 þar sem fullyrðingin „Mér líður vel í vinnunni“ fékk gildið 8,4, en 96% svarenda voru því sammála. Aðstoðarskólastjóri sagði að mikill stöðugleiki væri í kennarahópnum, „kannski gott að það væri aðeins meiri hreyfing, nýtt blóð kemur okkur á hreyfingu, en samt þannig að maður vill ekki missa góða fólkið sem maður hefur“.

Í rýnihópi starfsfólks kom fram að álag á skólaliða hefði aukist mikið eftir hrunið, „Við erum alveg á akkorði frá kl. 8 til að klára allt sem við eigum að klára yfir daginn. Ef við veikjumst er ekkert plan B fyrir ræstingarnar, þrífín bíða bara eftir okkur“. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks vildu gjarna auka gangavörsluna aftur, of stór hluti starfsins er að þrifa húsnæðið. Skólaliðarnir eru yfirleitt í gæslu þegar kennarar eru í kaffi þannig að samskiptin við kennarahópinn eru ekki mjög mikil.

Í viðhorfskönnuninni frá 2011 fékk fullyrðingin „Á mínum vinnustað er vel tekið á móti nýju starfsfólki“ gildið 8,3 sem er rétt fyrir ofan meðaltalið á sviðinu. Í viðtali við skólastjóra kom fram að þó mikill stöðugleiki væri í kennarahópnum væri starfsmannavelta töluverð hjá skólaliðum og stuðningsfulltrúum, oft væri þetta ungt fólk sem ekki ætlar sér að stoppa lengi við í starfinu og því vantaði ákveðna festu í þennan hóp. Aðstoðarskólastjóri sagðist gjarnan vilja að það væru fleiri fullorðnir að vinna í skólanum með nemendum, en ekki endilega fleiri kennarar.

Þegar spurt var að því í rýnihópum og viðtölum hverjir væru helstu styrkleikar skólans var þetta nefnt:

- Listgreinakennslan, myndmennt og tónlist, er mjög metnaðarfull og glæsileg.
- Kennsla í upplýsingatækni er mjög góð.
- Jákvæðir foreldrar sem eru tilbúnir að vinna með skólanum.
- Stöðugt og gott starfslíð.
- Algjört frelsi til nýsköpunar í kennslu.
- Vel búinn skóli.
- Smæðin er styrkur, mjög vel haldið utan um nemendur í skólanum og mikil umhyggja
- Faglega sterkir kennarar.

Eftirtalin atriði voru talin upp sem þættir sem mætti bæta:

- Tregða við að endurskoða kerfið varðandi árgangakennsluna.
- Skipulagi sérkennslu ábótavant, vantar meiri festu og utanumhald.
- Tölvubúnaður er orðinn gamall og lélegur.
- Ákveðin stöðnun og þreyta komin í starfsmannahópinn.
- Eldhúsið er ekki vel skipulagt og þar vantar betri búnað, t.d. stærri ofn og pönnu, svo hægt sé að elda meira frá grunni.
- Bæta þarf upplýsingastreymið.

- Fjölga almennu starfsfólki.
- Efla einstaklingsmiðað nám.

Samstarf

Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar 2011 fékk fullyrðingin „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ gildið 8,3 og hækkaði verulega frá fyrri könnun 2009, úr 6,5. Fullyrðingin „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“ kom einnig mun betur út í könnuninni 2011, fékk gildið 8,0, en var 6,6 árið 2009.

Kennarafundir hafa sjaldan verið í vetur, segir í rýnihópi kennara. Kennarar vinna saman í teymiskennslu um árganga og fram kom að samvinna kennara væri mjög nán og góð, en miklu skipti að þeir sem kenna saman séu samstíga í sambandi við vinnubrögð, agamál og allar áherslur, „maður er eiginlega meira með samkennaranum en makanum!“ Þátttakendur í rýnihópnum töldu helsta kostinn við teymiskennsluna vera dreifða ábyrgð, ef eitthvað kemur upp á er strax hægt að bregðast við því og hinn kennarinn sinnir þá nemendahópnum á meðan. Eins sögðust kennarar á yngra stigi skipta með sér verkum í foreldraviðtölum en það væri gott að geta verið tveir saman í erfiðum samtölum við foreldra. Ókosturinn við þetta fyrirkomulag er hins vegar mikið áreiti, álag á röddina og mikill fjöldi nemenda í kennslustofum. Kerfið væri upphaflega hugsað sem teymiskennsla 3-4 kennara í hverjum árgangi en nú eru tveir kennarar saman með hvern árgang „það hefur eiginlega orðið forsendubrestur“. Í viðtali og rýnihópum kennara kom fram sterkur vilji til að endurskoða núverandi kennslufyrirkomulag, þ.e. teymiskennsluna. Upphaflega hefði kerfið verið hugsað sem tilraun en það hefði aldrei verið endurskoðað.

Í viðtali við skólastjóra kom fram að ákveðin togstreita væri á milli umsjónarkennara og sérgreinakennara sem þyrfti að uppræta. Einnig kemur fram að í skólanum séu hópar kennara með ólíka sýn sem setur mark sitt á samstarfið og torveldar breytingar.

Í rýnihópi kennara á miðstigi kom fram að mikil hefð væri fyrir samvinnu kennara innan árganga en sérkennararnir væru svolítið útundan þar sem umsjónarkennararnir sem kenna saman í þörum notuðu kaffitímana mikið til að skipuleggja kennsluna. Mikill tími færi í að skipuleggja teymiskennsluna.

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Í Grandaskóla eru ekki deildarstjórar eða stigstjórar en fjórir verkefnastjórar halda utan um ákveðin verkefni, s.s. Olweusaráætlunina og sérkennslu. Hluti þeirra sinna kennslu á móti verkefnastjórarstarfinu. Stjórnendateymi skólans samanstendur því af skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Þeir hafa ekki formlega fundi en ræða saman óformlega á hverjum degi. Stjórnendur funda ekki sérstaklega með verkefnastjórunum og þeir eru ekki hluti af stjórnendateymi skólans. Í rýnihópi kennara á miðstigi kom fram gagnrýni á þetta fyrirkomulag, hlutverk og ábyrgð verkefnastjóranna væri mjög óljóst, „erum skráð sem verkefnastjórar en ekki í hvaða verkefnum“. Í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu kom fram að enginn deildarstjóri er lengur yfir sérkennslunni, í stað 50% stöðu deildarstjóra í sérkennslu er nú 25% staða verkefnastjóra sem

sinnir sérkennslu samhliða. Í rýnihópum kennara var gagnrýnt að skipulag sérkennslunnar væri ábótavant, málum væri ekki fylgt eftir og þau dögðu uppi.

Fastir fundartímar eru á þriðjudögum og miðvikudögum sem ýmist eru nýttir fyrir starfsmannafundi eða kennarafundi, t.d. teymisfundi. Í rýnihópum kennara og viðtölum kom fram að fundum hefði fækkað í vetur, starfsmannafundir ættu að vera einu sinni í mánuði en það hefði ekki alltaf náðst. Fram kom í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu að eftir að starfsmannafundum fækkaði hafi upplýsingastreymið versnað, stuðningsfulltrúar sitja ekki á kennarafundum og fá því stundum ekki mikilvægar upplýsingar. Þátttakendur í rýnihópi kennara á yngri stigi voru sammála um að fundirnir væru misgagnlegir, þeir mættu vera markvissari og faglegri, „þurfum tíma til að ræða fagleg mál“. Fundargerðir voru lengst af ekki skrifaðar á kennarafundum, en það hefur verið gert frá því á síðasta skólaári og sjá kennarar um það sjálfir. Fundargerðir eru hins vegar skrifaðar á starfsmannafundum en þær eru ekki senda út til starfsmanna.

Einnig eru fastir nemendaverndarráðsfundir og skólaráðsfundir í skólanum. Skólaráðið á að funda einu sinni í mánuði og fundargerðir eru ritaðar.

Í viðhorfakönnuninni 2011 voru 70% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og 65% voru sammála fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“. Ekki var rætt sérstaklega í rýnihópum um jafnrétti og jafnræði á vinnustaðnum en í rýnihópi starfsfólks kom fram að æskilegt væri að hafa jafnari kynjaskiptingu í starfsmannahópnum.

Fram kom í rýnihópi starfsfólks að upplýsingastreymi væri ábótavant, „Við fáum oft að vita eitthvað með skömmum fyrirvara, eitthvað sem búið var að ræða á kennarafundi, Við erum kannski að koma að morgni og þurfum að byrja á að þrifa íþróttasalinn því það hefur verið skemmtun eða bekkjarkvöld þar kvöldið áður og maður fær ekkert að vita af því.. þetta er hugsunarleysi, eitthvað sem mjög auðvelt er að laga“.

Þátttakendur í rýnihópum kennara tóku í sama streng, upplýsingastreymi innan skólans væri ekki nógu gott og oft gleymdist að láta alla vita ef eitthvað væri í gangi. Í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu kom fram að upplýsingaflæðið hefði versnað eftir að nýr skólastjóri tók við, þau hefðu t.d. ekki fengið að vita af fundi sem haldinn var í skólanum og þyrftu að leita eftir ákveðnum upplýsingum, t.d. um dagskrá næstu viku í skólanum. Það er að mestu í samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunar 2011, þar sem fullyrðingin „Upplýsingastreymi í skólanum er gott“ er með gildið 6,9 en fullyrðingin „Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf mitt og/eða vinnustað“ er með gildið 7,7, sem er mikil hækkun frá 2009 þegar það var 6,2. Hafa ber í huga að viðhorfskönnunin 2011 var lögð fyrir áður en nýr skólastjóri tók til starfa. Skólastjóri sagðist mest nota tölvupóst til að koma upplýsingum á framfæri, eða gera sér erindi og líta inn til kennara í tíma.

Í rýnihópi starfsmanna og rýnihópi starfsfólks í sérkennslu kom fram ósk um að allir fengju að sitja upphaf kennarafunda, því þar væru oft rædd mál sem varða alla starfsmenn, en gætu

síðan vikið af fundi að því loknu. Mikill misbrestur væri á því að nauðsynlegar upplýsingar sem vörðuðu starfið í skólanum og það sem er á döfinni hverju sinni skiluðu sér til allra starfsmanna.

Foreldrar í rýnihópi sögðu að kennarar í yngri bekkjunum sendu reglulega út fréttabréf með tölvupósti en í eldri bekkjunum væru upplýsingar frekar settar inn í Mentor. Í fréttabréfum er fyrst og fremst verið að veita almennar upplýsingar um starfið og það sem á döfinni er í bekknum en foreldrar fá frekar upplýsingar um sín börn í foreldraviðtölum. Mikil ánægja kom fram í rýnihópnum með fréttabréfin sem send eru út, þátttakendur sögðu að þau væru einstaklega vel fram sett og vel unnin. Einnig kom fram að á heimasíðu skólans væru gagnlegar upplýsingar um skólastarfið og hún væri uppfærð reglulega. Fram kom að samskipti foreldra við skrifstofustjóra skólans væru einstaklega góð, öllum erindum væri svarað fljótt og vel, „[hún] þekkir öll börnin“.

Það sem vel er gert:

- Samvinna kennara innan árganga er nán og góð.
- Umsjónakennarar geta strax sinnt þeim málum sem upp koma í bekknum þar sem alltaf eru tveir kennarar saman með hópinn.
- Teymiskennslan býður upp á að umsjónarkennarar skipti með sér foreldraviðtölum eða séu tveir saman í erfiðum viðtölum.
- Mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnum, fólk þekkest vel og treystir hvert öðru.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með samskipti við kennara, stjórnendur og skrifstofustjóra skólans og þær upplýsingar sem birtar eru á heimasíðu skólans og í fréttabréfum til foreldra.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Bæta þarf upplýsingaflæði milli kennara og skólaliða og til þeirra sem starfa við sérkennslu.
- Æskilegt að hafa reglulega kennarafundi þar sem færi gefst til að ræða fagleg málefni.
- Til bóta væri að auka formlegt samstarf sérkennara við aðra kennara, t.d. um einstaklingsnámskrár.
- Leita þarf leiða til að eyða togstreitu á milli umsjónarkennara og sérgreinakennara.

Aðbúnaður

Í viðhorfakönnuninni sem lögð var fyrir í nóvember 2011 eru tvær fullyrðingar sem mæla viðhorf til aðbúnaðar og vinnuaðstöðu: „Vinnuaðstaða mín er góð“ og „Ég hef aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf“. Báðar fullyrðingarnar koma vel út og eru talsvert yfir meðaltali á sviðinu. Um 96% svarenda voru sammála því að þeir hefðu aðgang að nauðsynlegum gögnum og tækjum en 92%, voru sammála því að vinnuaðstaðan væri góð. Þessar niðurstöður eru í takt við það sem fram kom í rýnihópnum og viðtölum en þar kom fram að skólinn væri rúmgóður og vel búinn að flestu leyti, „það er nóg til af öllu, þó þetta sé orðið þreytt og lúið, eins og stólar og svoleiðis, þetta hefur verið vel gert en er að ganga úr sér... gott pláss, mikið af stofum sem skiptir máli þegar þau [börnin] eru að byrja í skólanum“.

Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks sögðu að nemendur væru almennt mjög stilltir og góðir og væru ekki að skemma eða eyðileggja, „Nemendur eru rosalega þægilegir í þessum skóla...hægt að skilja hluti eftir og þeir fara ekki“.

Fram kom í rýnihópi kennara á yngra stigi að aðbúnaðurinn í skólanum væri góður en endurnýja þyrfti tölvubúnaðinn og draga úr miðstýringu varðandi tölvukerfið, „Lookið“ er aðeins farið að dala á byggingunni í heild sinni en skólinn er samt mjög vel búinn, maður heyrir það t.d. þegar það koma gestir að þeir eru yfir sig hrifnir af aðstöðunni. Tölvurnar eru farnar að þreytast en eftir að kerfið í kringum tölvurnar varð svona miðstýrt þá er allt orðið flóknara og tekur lengri tíma að gera við ef eitthvað bilar...“. Þó kom fram ákveðin gagnrýni á kennslustofurnar þar sem heill árgangur er saman í samliggjandi stofum, „Það er mikið álag á röddina að tala yfir allan hópinn, það er opið á milli tveggja stofa og í sumum er ekki míkrafónn...maður stendur kannski í miðju rýminu og á að ná sambandi við börn sem sitja sitt í hvorum enda rýmisins. Svo bilar míkrafónninn, þar sem hann er“.

Í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu var mikil ánægja með aðbúnaðinn í skólanum, „Finn skóli, nóg pláss... skólinn er eins vel búinn og hægt er og það er allt til alls, bókasafnið mjög flott og kaffistofan.“

Fram kom í viðtali við yfirmann mötuneytis að eldhúsið væri ekki nógu vel skipulagt, eldhúsið hefði upphaflega verið hannað sem móttökueldhús en þar væri nú eldað fyrir um 300 manns á dag. Til stóð að byggja nýtt eldhús en þau áform voru lögð á hilluna eftir hrúnið. Ekki er hægt að elda allan mat frá grunni þar sem enginn panna er í eldhúsinu, aðeins einn ofn og lítil eldavél. Fram kom í rýnihópi starfsfólks að hluti nemenda borðar í íþróttasalnum og það þarf að hafa hraðar hendur við að skammta matinn og þrifa og ganga frá íþróttasalnum aftur eftir matinn, „Þetta er rosaleg törn. Mér blöskrar oft hávaðinn... það er mikill glymjandi í íþróttasalnum“.

Það sem vel er gert:

- Skólinn er mjög vel búinn og vinnuaðstaða nemenda og kennara er góð.
- Húsnæði skólans er rúmgott og margar kennslustofur.
- Góð aðstaða er fyrir list- og verkgreinakennslu.
- Mjög gott bókasafn.
- Umgengni nemenda er góð.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Endurnýja þyrfti tölvubúnað í skólanum.
- Bæta þarf skipulag eldhúss og auka tækjakost svo hægt sé að elda meira frá grunni.
- Tryggja þarf að umsjónarkennarar hafi góða hljóðnema við kennslu í samliggjandi kennslustofum til að minnka álag á röddina og auðvelda nemendum að fylgjast með kennslunni.

Símenntun og starfsþróun

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr: „Að frumkvæði skólastjóra mótast hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár“. Í 4 mgr. segir enn fremur: „Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“. Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að starfsmenn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar skuli eiga rétt á starfsþróunarsamtölum a.m.k. árlega.

Við matið liggur fyrir símenntunaráætlun Grandaskóla fyrir skólaárið 2012-2013. Þar kemur fram að megináherslur í símenntun fyrir skólann í heild snúast um lestur og læsi, en áherslur í símenntun einstaka starfsmanna eru unnar í samráði við skólastjóra og geta verið í formi fyrirlestra, námskeiða, lesturs faggreina, o.s.frv. Grandaskóli tekur þátt í að vinna að sameiginlegri stefnumörkun um læsi í Vesturbæ með grunnskólunum í hverfinu. Innan skólans er unnið að innleiðingu lestrarstefnu með þróunarverkefninu Orð af orði.

Í viðhorfskönnun 2011 svöruðu 67% þátttakenda að þeir hefðu fengið tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu á undanförunum 12 mánuðum. Um 63% svarenda töldu að fræðslan eða þjálfunin hefði nýst vel í starfi. Þá kom einnig fram í könnuninni að 83% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan. Um 56% taldi að viðtalið hefði verið gagnlegt. Hafa ber í huga að könnunin var gerð í tíð fyrrverandi skólastjóra.

Í rýnihópi kennara á yngra stigi kom fram að allir kennarar væru búnir að fara í starfsþróunarsamtal hjá nýjum skólastjóra í vetur. Mikil ánægja kom fram með samtölin og undirbúning þeirra: „Við fengum punkta til að undirbúa okkur fyrir viðtalið með tölvupósti. Mjög gott og afslappað viðtal, miklu þægilegra en verið hefur síðustu árin. Hann [skólastjórinn] fór kannski alveg yfir sömu atriði og var gert áður en hann gerði það á þægilegri hátt, einhvern veginn afslappaðri“. Í rýnihópi starfsfólks kom fram að búið væri að boða alla í starfsþróunarsamtal og þau yrðu á næstu dögum, en ekki var búið að boða starfsfólk í sérkennslu í starfsþróunarsamtal við skólastjóra.

Aðeins 50% svarenda í viðhorfskönnuninni 2011 voru því sammála að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma en 45% völdu svarmöguleikann „Hvorki né“. Í rýnihópi starfsfólks í sérkennslu kom fram að æskilegt væri að fá meiri þjálfun í upphafi, „þegar ég byrjaði fékk ég ekki miklar upplýsingar“.

Í starfsáætlun Grandaskóla fyrir skólaárið 2012-2013, sem birt er á heimasíðu skólans, eru starfslýsingar allra starfsmanna birtar en ekki er að finna neina áætlun varðandi móttöku nýrra starfsmanna.

Það sem vel er gert:

- Mikil ánægja er meðal kennara með starfsþróunarsamtöl við skólastjóra.
- Ánægja er meðal kennara á miðstigi með þróunarverkefnið Orð af orði.

- Símenntunaráætlun skólans liggur fyrir og endurspeglar áherslur í símenntunarmálum.
- Starfslýsingar allra starfsmanna skólans eru birtar í starfsáætlun skólans á heimasíðu.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Bæta mætti móttöku og þjálfun nýliða og móta áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir í nóvember 2011 mældust viðhorf til stjórnunar skólans jákvæðari en í viðhorfakönnunni 2009 en allar fullyrðingar sem lúta að viðhorfi til stjórnenda voru með gildi á starfhæfu bili, frá 7,1-7,9. Hafa ber í huga að könnunin var gerð áður en nýr skólastjóri tók við skólanum og endurspeglar svörin því viðhorf til stjórnunar í tíð fyrrverandi skólastjóra. Fullyrðingin „Mínum vinnustað er vel stjórnað“ fékk gildið 7,5, en 83% svarenda voru henni sammála. Þetta er mikil hækkun frá fyrri könnun þegar fullyrðingin fékk gildið 6,1.

Í viðhorfskönnun 2011 voru 71% svarenda voru sammála fullyrðingunni „Á mínum vinnustað byggja ákvarðanir á faglegum forsendum“ og 88% svarenda sögðust ánægðir með samskiptin við yfirmann Fullyrðingin „Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum“ kom betur út í viðhorfskönnuninni 2011 en 2009 og hækkaði úr 6,7 í 7,5. Í viðhorfskönnunni 2011 er gildi fullyrðingarinnar „Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf“ 8,0 sem er talsvert yfir meðaltali á sviðinu.

Í rýnihópum kom fram fremur jákvætt viðhorf til stjórnenda. Nýr skólastjóri hafði áður starfað í Grandaskóla og þekkir því til og margir kennarar höfðu starfað með honum áður. Í rýnihópi kennara á miðstigi kom fram ákveðin gagnrýni á stjórnendur sem snéri helst að því að það vantaði stefnu og sýn fyrir skólann og skýrara skipulag, „við erum höfuðlaus her og nýr stjórnandi hefur ekki verið mjög atkvæðamikill hingað til“. Þó kom einnig fram í hópnum að gott væri að leita til nýs skólastjóra og skilningur var meðal þátttakenda á því að hann þyrfti að taka sér tíma til að kynnast kennarahópnum fyrsta árið í starfi.

Kennarar á yngra stigi í rýnihópi sögðu að gott væri að leita til skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og aðgengi að þeim væri mjög gott, „mjög fínt aðgengi að þeim, alltaf opið inn til þeirra. Skrifstofurnar þeirra eru líka vel staðsettar í húsinu, þær eru þar sem við erum alltaf á ferðinni [við kaffistofu kennara]. Þátttakendur í rýnihópi starfsfólks sögðu að samskiptin við stjórnendur væru mjög góð og gott að tala við bæði skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Þátttakendum fannst nokkuð oft vera lokað inn á skrifstofur til þeirra en þó væri alltaf hægt að ná sambandi við þau á endanum, „maður sætir bara lagi“. Þau sögðust ekki fá mikið hrós, „ fáum sjaldan hrós, jú, manni er þakkað fyrir, maður hefur hlaupið í ýmis störf. Maður finnur það alveg að þau meta það sem maður er að gera... en aldrei hrósað nóg!“

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að nýr skólastjóri hefði ekki enn gert neinar stórvægilegar breytingar á starfinu, enda hefði verið búið að skipuleggja skólaárið þegar hann tók við stöðunni. Alltaf væri hins vegar hægt að fara og tala við skólastjórnann, hann væri mjög

aðgengilegur og tilbúinn til að hlusta, „hann er til í að skoða hlutina, hugsa þá og taka svo ákvörðun í staðinn fyrir að útiloka kannski strax hugmyndir eða einhverjar breytingar sem er komið með“.

Skólastjóri sagðist sjálfur gjarnan vilja vera aðgengilegri en mikið væri af fundum, sérstaklega eftir hádegi, „ég reyni að hafa opið og gefa mér tíma þegar fólk nær á mig“. Hann sagði að starfsfólk leitaði mikið til aðstoðarskólastjóra, „þegar það kemur svona nýr maður inn og sitjandi aðstoðarskólastjóri er fyrir þá náttúrulega snýr það [starfsfólkið] sér dálítið mikið til hennar“.

Í viðtali við aðstoðarskólastjóra kom fram að verkaskipting milli stjórnenda væri nokkuð fljótandi og báðir stjórnendur hefðu faglega forystu, „fer eftir verkefnum, það sem snýr að einhverju eins og námsgreinum sem er að koma inn þá skiptum við því á okkur og mismunandi hvort okkar tekst á við það og þá fundum við með viðkomandi kennurum“. Nýr skólastjóri hefði fengið aðstoðarskólastjóra meira með sér í fjármálin en fyrirrennari hans.

Fram kom í rýnihópnum að stjórnendur færu ekki mikið inn í kennslustofur að fylgjast með kennslu. Skólastjóri tók undir það í viðtali en sagðist frekar hafa boðist til að taka þátt í verkefnum með kennurum og jafnvel komið með hugmyndir að verkefnum, „en ég geri mér stundum ferðir bara svona til þess að fara inn í stofur þó ég sé að trufla, þó það séu bara smámál þá finnst mér alltaf gott að fara til kennaranna og segja þeim þetta, þá er ég að hafa einhver smá samskipti líka, erindi og ástæðu til að koma, það rekur mig af stað að fara út, það er svo auðvelt að festast hér í einhverjum pappírnum eða tölvupóstum“. Aðstoðarskólastjóri hefur verið í forfallakennslu í vetur og því meira bundin af því en sagðist gera nokkuð af því að fara í heimsóknir í skólastofur, „bara til þess að sýna mig og sjá aðra og sjá hvað þau eru að gera“. Aðstoðarskólastjórinn sagðist gera of lítið af því að hrósa kennurum og veita þeim endurgjöf, „kennarar vilja láta hrósa sér, ekki almennt eða yfir hópinn...það kemur alltaf fram í starfsmannakönnunum að þeir vilja meira hrós“.

Í rýnihópi foreldra kom fram ánægja með samskipti við nýjan skólastjóra, „hann er sýnilegur á opnum viðburðum er til dæmis á gítarnum í hljómsveitinni á formlegum atburðum og virðist setja mark sitt á skólastarfið á jákvæðan hátt og það hefur örugglega verið kostur að hann var sjálfur að vinna hér áður“. Einnig kom fram að nýr skólastjóri tæki betur á eineltismálum sem hafa komið upp, en fyrirrennari hans, og fylgt þeim betur eftir. Í rýnihópnum kom einnig fram mikil ánægja með samskipti við kennara og aðgengi foreldra að kennurum og stjórnendum, „gott aðgengi er að skólastjóra, hann er mjög oft við og er boðinn og búinn og nalgast málin með jákvæðum hætti og líka sérstaklega gott aðgengi að kennurum, þetta eru einstaklega góðir kennarar. Það er lítil starfsmannavelta og manni finnst eins og það sé mjög góður andi hér. Við erum alltaf velkomin í skólann. Það er fastur viðtalstími en svo megum við hafa samband hvenær sem er“.

Skólastjóri sagðist í viðtali hafa lagt mesta áherslu á að kynnast nemendum í fyrsta bekk, læra nöfnin og kynnast þeim en taldi að flestir nemendur þekktu sig nú orðið. Hann stefnir á að vera með tónlistarverkefni með nemendum 6. bekkjar, „þá tengist ég krökkunum ... og læri

betur inn á þeirra hegðunarmynstur. Þannig að þau kynnast mér þá líka, auðveldar þeim samskiptin...“ . Hann sagði að nemendur kæmu til sín með sín erindi en hann væri ekki enn farinn að funda með nemendafélaginu.

Kennarar á yngra stigi í rýnihópi sögðu að nemendur þekktu alveg skólastjórann en stjórnendur mættu gjarnan sjást meira á göngunum. Nemendur í rýnihópi segjast ekki mikið „pæla í skólastjóraskiptum eða skólastjórum yfirleitt“, en þau þekkja báða stjórnendur og sjá þá á göngunum og í stofunum. Þau segjast líka vita að skólastjóri gerir „margt annað en skamma nemendur, eins og í bíómyndum“.

Það sem vel er gert:

- Gott aðgengi er að stjórnendum og þeir eru sýnilegir í skólanum.
- Skólastjóri er tilbúinn til að hlusta á tillögur og hugmyndir kennara.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með samskiptin við stjórnendur og kennara.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Æskilegt er að skólastjóri veiti kennurum endurgjöf á störf þeirra og fari meira inn í kennslustundir til að fylgjast með kennslunni.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2013 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Skóla- og frístundasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Skóla- og frístundasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Skóla- og frístundasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Grandaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2012 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Grandaskóla fyrir árið 2012 voru að upphæð 338.4 millj. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu tæplega 344 millj. kr.

Það sem vel er gert:

- Grandaskóli skilaði rekstraráætlun á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Tækifæri til umbóta

- Útgjöld árið 2012 voru yfir mörkum heildarfjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar

Góður árangur nemenda á samræmdum prófum og 95% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar. Að mati foreldra einkennir umhyggja skólstarfið. Nemendum líður almennt vel og einelti meðal stráka er minna en í öðrum skólum. Viðhorf foreldra og starfsmanna til stjórnenda skólans eru jákvæð.

Veikleikar:

Pungur andi í kennarahópnum og togstreita milli starfsmannahópa.

Ögranir:

Próa enn frekar samstarf og samábyrgð kennara um nám og kennslu. Efla samstöðu um skóla án aðgreiningar og samstarf allra sem koma að stuðningi við nemendur.

Tækifæri:

Setja skýrt fram stefnu og sýn skólans og afstöðu stjórnenda til starfshátta. Koma á fót faglegu stjórnendateymi. Bæta upplýsingastreymi til almenns starfsfólks. Ljúka endurskoðun námsmats og taka upp leiðsagnarmat. Kennarar fá beina endurgjöf á nám og kennslu frá stjórnendum. Efla innra mat skólans með þátttöku allra hagsmunaaðila.

Samantekt og tækifæri til umbóta

Skólastarf

Námsárangur

Það sem vel er gert:

- Niðurstaða úr samræmdum prófum í 4. og 7. bekk er mjög góð flest þau ár sem skoðuð eru og meðaltal skólans oft langt yfir meðaltali Reykjavíkur.
- Framfarastuðlar í 7. bekk sýna eðlilegar og stundum mjög góðar framfarir nemenda.
- Niðurstaða nemenda í lesskimun og talnalykli er yfirleitt góð.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Áhugavert væri að skoða hvernig unnið er með niðurstöður skimana og hvernig það tengist árangri í samræmdum könnunarprófum.

Stjórnun og skipulag

Það sem vel er gert:

- Stefna skólans er birt í stefnukorti á heimasíðu svo og gildi skólans sem eru: Jákvæðni, ábyrgð, vellíðan og árangur.
- Skipurit og stuttar starfslýsingar eru birtar í starfsáætlun skólans.
- Stundatöflur eru samfelldar fyrir alla nemendur.
- Kennsla í list- og verkgreinum er í 6 stundir á viku

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Skólastjóri þarf að setja skýrt fram sína sýn og stefnu í skólastarfinu.
- Koma þarf á stjórnendateymi með skýrt hlutverk gagnvart kennurum. Birta lýsingu á samkennslu innan árgangs og teymisvinnu kennara í stefnu skólans um starfshætti.

Nemendur og líðan

Það sem vel er gert:

- Fulltrúar úr 5.-7. bekk Grandaskóla mynda stjórn nemendafélags og kemur einn úr hverjum árgangi.
- Skólareglur uppfylla að mestu þau viðmið sem kveðið er á um í grunnskólalögum og reglugerð um skólareglur.
- Grandaskóli er Olweusarskóli sem líður hvorki einelti né andfélagslega hegðun, verkefnið hefur skilað árangri samkvæmt mati starfsmanna og könnun.
- Nemendur Grandaskóla hafa jákvæð viðhorf til þeirra námsgreina sem spurt er um í Skólapúlsinum.
- Þátttaka nemenda, sérstaklega stráka, í hreyfingu og íþróttum er mikil
- Mælingar á vanlíðan, kvíða og einelti eru allar undir landsmeðaltali sem merkir að nemendum Grandaskóla líður yfirleitt vel, einelti hjá strákum er mun minna en hjá strákum í öðrum skólum að þeirra eigin mati.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Efla enn frekar virkni nemendafélagsins og lýðræðislega þátttöku nemendaráðsins.
- Skerpa á viðbrögðum við brotum á skólareglum og láta koma fram hvernig þau eiga að leiða til betri hegðunar nemenda.
- Skoða viðhorf stráka til eigin námsgetu og vinnubragða í námi, einnig mætti skoða viðhorf þeirra til stuðnings frá kennurum.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi**Það sem vel er gert:**

- Sterkir foreldrar sem styðja við nám barna sinna
- Gott aðgengi að kennurum og stjórnendum að mati foreldra, góður andi meðal starfsfólks sem skilar sér í skólastarfið.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Skoða mun á samskiptum starfsfólks við nemendur þar sem foreldrar eldri nemenda eru töluvert óánægðari.
- Nýta styrkleika foreldra til að mynda öflugt foreldrasamstarf kringum skólann.

Verklag**Fjölbreyttar leiðir í námi****Það sem vel er gert:**

- Í skólanum er teymiskennsla og árgöngum kennt saman þannig að hver árgangur er einn námshópur.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir að mati kennara.
- Í vettvangsathugunum var oftast merkt við sköpun og tjáningu og markvissa samvinnu í hóp en að meðaltali í öðrum skólum.
- 95% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru teljast góðar eða frábærar sem er yfir meðaltali annarra skóla.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Birta lýsingu á skipulagi samkennslu árganga og kennslufræðilegum markmiðum samvinnunnar í skólanámskrá.
- Efla ábyrgð nemenda á eigin námi með því að þau taki þátt í markmiðssetningu og geri eigin áætlanir um nám sitt.

- Ljúka endurskoðun námsmats og taka upp leiðasagnarmat.

Skóli án aðgreiningar

Það sem vel er gert:

- Verkefnastjóri heldur utan um skipulag sérkennslu, ráðgjöf, greiningar og námskrárgerð.
- Allir nemendur fylgja sínum hóp þó þeir komi í sérkennslu staka tíma eða hluta dagsins.
- Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda að sögn þeirra sem vinna að sérkennslunni.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur sem fá sérúthlutun.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Stuðla að jákvæðara viðhorfi meðal kennara til skóla án aðgreiningar.
- Leita leiða til að styrkja skipulag og stjórnun sérkennslu og stuðnings, m.a. með því að gera heildaráætlun um sérkennslu.
- Koma á reglulegum fundum þeirra sem sinna sérstuðningi við nemendur með þátttöku allra starfshópa.
- Efla ráðgjöf innan skólans og stuðning við kennara vegna nemenda með sérþarfir.
- Auka fræðslu til kennara um nemendur með sérþarfir.
- Leita leiða til tryggja að nauðsynlegar upplýsingar berist til stuðningsfulltrúa.

Skólaþróun og mat

Það sem vel er gert:

- Nokkur þróunarverkefni eru í gangi m.a. Comeniusarverkefni undir stjórn myndmenntakennara.
- Reglulegt mat á virkni og líðan nemenda í gegnum Skólapúlsinn er fastur liður í skólastarfinu.
- Gerð er grein fyrir hvernig markmið skólans eru metin.
- Skilgreind eru viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Niðurstöður úr ytra mati eru nýttar við innra mat.

Tækifæri til umbóta:

- Æskilegt er að gera grein fyrir þróunarverkefnum skólans í starfsáætlun og á heimasíðu.
- Æskilegt væri að taka tillit til óska kennara í yngstu árgöngum um að endurskoða þátttöku þeirra í þróunarverkefninu Orð af orði.
- Efla þarf markvisst og kerfisbundið innra mat sem er samofið daglegu skólastarfi.

Virk upplýsingamiðlun

Það sem vel er gert:

- Ánægja foreldra með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara um barnið var aðeins meiri í foreldrakönnun 2012 en í skólum borgarinnar í heild.
- Skólanámskrá fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans með námsáætlunum fyrir hvern árgang og hverja námsgrein.
- Starfsáætlun Grandaskóla fyrir skólaárið 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans og telst hún í fullu samræmi við kröfur.

- Heimasíða Grandaskóla er aðgengileg og fréttir uppfærðar reglulega. Þar er að finna flestar þær upplýsingar sem skv. gátlista er ætlast til að birtist þar.
- Í Grandaskóla hefur verið unnin forvarnaráætlun, þar er markmiðið að nemendur öðlist heilbrigða lífssýn.
- Eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og hangir uppi í öllum kennslurýmum.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Að mati foreldra í rýnihópi koma almennt góðar upplýsingar frá kennurum en þó misjafnt eftir því hver kennarinn er.
- Upplýsingar vantar í skólanámskrá um nokkra þætti sem þar eiga að birtast skv. aðalnámskrá grunnskóla.
- Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggisnefnd við skólann eða áhættumat.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

Það sem vel er gert:

- Samvinna kennara innan árganga er nán og góð.
- Umsjónakennarar geta strax sinnt þeim málum sem upp koma í bekknum þar sem alltaf eru tveir kennarar saman með hópinn.
- Teymiskennslan býður upp á að umsjónarkennarar skipti með sér foreldraviðtölum eða séu tveir saman í erfiðum viðtölum.
- Mikill stöðugleiki er í starfsmannahópnum, fólk þekkist vel og treystir hvert öðru.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með samskipti við kennara, stjórnendur og skrifstofustjóra skólans og þær upplýsingar sem birtar eru á heimasíðu skólans og í fréttabréfum til foreldra.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Bæta þarf upplýsingaflæði milli kennara og skólaliða og til þeirra sem starfa við sérkennslu.
- Æskilegt að hafa reglulega kennarafundi þar sem færi gefst til að ræða fagleg málefni.
- Til bóta væri að auka formlegt samstarf sérkennara við aðra kennara, t.d. um einstaklingsnámskrár.
- Leita þarf leiða til að eyða togstreitu á milli umsjónarkennara og sérgreinakennara.

Aðbúnaður

Það sem vel er gert:

- Skólinn er mjög vel búinn og vinnuaðstaða nemenda og kennara er góð.
- Húsnæði skólans er rúmgott og margar kennslustofur.
- Góð aðstaða er fyrir list- og verkgreinakennslu.
- Mjög gott bókasafn.
- Umgengni nemenda er góð.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Endurnýja þyrfti tölvubúnað í skólanum.
- Bæta þarf skipulag eldhúss og auka tækjakost svo hægt sé að elda meira frá grunni.

- Tryggja þarf að umsjónarkennarar hafi góða hljóðnema við kennslu í samliggjandi kennslustofum til að minnka álag á röddina og auðvelda nemendum að fylgjast með kennslunni.

Símenntun og starfsþróun

Það sem vel er gert:

- Mikil ánægja er meðal kennara með starfsþróunarsamtöl við skólastjóra.
- Ánægja er meðal kennara á miðstigi með þróunarverkefnið Orð af orði.
- Símenntunaráætlun skólans liggur fyrir og endurspeglar áherslur í símenntunarmálum.
- Starfslýsingar allra starfsmanna skólans eru birtar í starfsáætlun skólans á heimasíðu.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Bæta mætti móttöku og þjálfun nýliða og móta áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Það sem vel er gert:

- Gott aðgengi er að stjórnendum og þeir eru sýnilegir í skólanum.
- Skólastjóri er tilbúinn til að hlusta á tillögur og hugmyndir kennara.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með samskiptin við stjórnendur og kennara.

Tækifæri/tillögur til umbóta:

- Æskilegt er að skólastjóri veiti kennurum endurgjöf á störf þeirra og fari meira inn í kennslustundir til að fylgjast með kennslunni.

Fjármál

Það sem vel er gert:

- Grandaskóli skilaði rekstraráætlun á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Tækifæri til umbóta

- Útgjöld árið 2012 voru yfir mörkum heildarfjárheimilda.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.

Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Grandaskóli vorið 2012. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Sjálfsmatskýrsla Grandaskóla 2010-2011. Grandaskóli.

Skólanámskrá Grandaskóla 2012-2013. Grandaskóli.

Skólapúlsinn. www.skolapulsinn.is

Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2011. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Grandaskóla skólaárið 2012-2013. Grandaskóli.

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli í Grandaskóla haustið 2012.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Grandaskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2011. Grandaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Grandaskoli.is

Fylgiskjöl

1. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur